# FRÉTTABLAÐIÐ

289. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 7. DESEMBER 2018




Það var gríðarlega mikið fjör hjá félagsmönnum í Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni í gærmorgun þegar Zumba-hópur félagsins bauð til danssýningar og jólakaffihlaðborðs að sýningu lokinni. Dansararnir voru einstaklega skrautlega klæddir og stóðu sig með stakri prýði enda ekki við öðru að búast. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af danssýningunni er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Þingmenn vilja afsögn Klausturmanna

**Aðeins einn þingmaður af 50 sem Fréttablaðið ræddi við segir að þingmennirnir sex á Klaustri eigi ekki að segja af sér.**

**ALÞINGI** Alls vill 31 þingmaður að sexmenningar sem tóku þátt í umræðum á Klaustri 20. nóvember segi af sér. Átján þingmenn svara ekki spurningunni. Aðeins einn þingmaður telur að sexmenningarnir þurfi ekki að segja af sér.

Fréttablaðið reyndi í gær að ná í alla þingmennina 57 sem ekki voru að drykkju á Klaustri þetta umrædda kvöld sem hefur svo sannarlega spillt og eitrað andrúmsloftið og vinnufriðinn á þingi.

Ljóst er af samtölum við þingmenn að þeir eru enn í áfalli yfir því sem kom fram í upptökunum af Klaustri. Margir hverjir töldu í raun enga iðrun að sjá á þeim sem þar voru. Reynt væri að klína aurnum á aðra þingmenn eða starfsfólk þingsins. Klausturmennirnir geri sér ekki ljóst hversu alvarlegt málið sé.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, segir stöðu sexmenninganna svo þrönga að þau eigi í erfiðleikum með að vinna vinnu sína á þingi.

„Við höfum séð á þingi og í þjóðfélaginu víðtæka fordæmingu á framferði þessa fólks og sú víðtæka andstaða sem hefur birst mun gera þessum þingmönnum erfitt fyrir með að ná fram sínum málum á þingi. Með öðrum orðum geta þau trauðla komið fram vilja umbjóðenda sinna sem kusu þau. Það er staðan sem þau standa frammi fyrir, þau eiga örðugt með að standa undir því sem þau voru kosin til,“ segir Eiríkur.

Athygli vekur að þingmenn skiptast í tvo hópa um hvort sama eigi yfir alla sex þingmennina að ganga eða hvort stigsmunur sé á brotum þeirra.

Margir þingmanna töldu rétt að svara ekki spurningunni heldur bíða niðurstöðu siðanefndar þingsins. Hins vegar höfðu þeir að einhverju leyti gert upp hug sinn persónulega.

– sa / sjá síðu 4

**Afstaða þingmanna**




## Forseti Frakka í erfiðri stöðu

**FRAKKLAND** Emmanuel Macron, forseti Frakklands, er ekki hólpinn þrátt fyrir að hafa orðið við upprunalegri kröfu mótmælendanna sem kenna sig við gul vesti fyrr í vikunni. Macron hætti við að hækka eldsneytisskatt en andstaða mótmælenda við stjórnarhætti Macrons og óánægja með ríkisstjórnina almennt lifir áfram. Þar af leiðandi stefna Gulu vestin enn á að mótmæla á morgun. Umhverfissinnar eru hins vegar ósáttir við að Macron hækki ekki eldsneytisskatt og því má segja að Frakkinn sé á milli steins og sleggju.



– þea / sjá síðu 8

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Hvenær má taka upp samtöl annarra? spyr Þórlindur Kjartansson. 15

**SPORT** Gunnar Nelson verður vigtaður fyrir bardagann sem fram undan er í dag. 16





**MENNING** Davíð Logi Sigurðsson rekur dramatíska atburði á Patreksfirði árið 1927 og eftirleik þeirra í nýrri bók. 22

**LÍFIÐ** Fyrir suma er jólabjór ljós í skammdegismyrkrinu. 28

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










+PLÚS



Gylltur bolur, hreindýrshorn, pallíettur og aðrir skrautlegir munir voru áberandi í sýningunni. Hér má sjá dansarana leika listir sínar meðan á sýningunni stóð í gær. MYNDIR/FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Zumba-stuð eldri borgara

Zumba-hópur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni bauð til stórkostlegrar danssýningar í gærmorgun. Að sýningunni lokinni gátu gestir svo gengið að jólakaffihlaðborði. Eins og sjá má á þessum myndum stóð hópurinn sig með stakri prýði.



Danshópurinn skellti sér í hópmyndatöku þar sem dansararnir stilltu sér upp saman og brostu framan í myndavélar.







## Veður




Dregur úr vindi í dag, norðaustan 10-18 síðdegis, en mun hægari S til. Slydda eða snjókoma á köflum fyrir norðan, en lengst af þurrt syðra.

SJÁ SÍÐU 20

# Fyrrverandi bæjarfulltrúi krefst milljóna

**HAFNARFJÖRÐUR** Borghildur Sölvey Sturludóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, krefur bæinn um rúmlega fjórar milljónir í skaðabætur vegna brottvikningar úr starfi. Kröfubréf hennar var lagt fram á fundi bæjarráðs í gær.

Krafa Borghildar byggir annars vegar á því að Einar Birki Einarsson, annan tveggja aðalmanna Bjartrar framtíðar í bæjarstjórn á síðasta kjörtímabili, hafi skort kjörgengi þar sem hann hafði lögheimili í Kópavogi síðasta ár kjörtímabilsins. Hún hafi þá með réttu átt að taka sæti hans í bæjarstjórn sem varamaður hans og þiggja fyrir það laun.

Á ýmsu gekk innan Bjartrar framtíðar á kjörtímabilinu en flokkurinn var í meirihlutasamstarfi með Sjálfstæðisflokki. Bæjarfulltrúar Bjartrar framtíðar, sögðu sig á endanum úr flokknum en héldu áfram meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Í kjölfarið ákvað meirihlutinn að breyta skipan í skipulags- og byggingaráði og hafnarstjórn til að tryggja meirihluta og missti Borghildur þá sæti sitt í ráðum og stjórnum hjá bænum.



**Borghildur Sölvey Sturludóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.**

Gerir Borghildur einnig kröfu um bætur vegna framangreindrar brottvikningar úr launuðum nefndastörfum og vísar til þess að ekki hafi verið farið að lögum og reglum við uppsögnina og engar málefnalegar ástæður hafi legið að baki hennar. Hún vísar til álits samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um ólögmæti málsmeðferðarinnar. – **aá**

# Eldur í bakhúsi



**Allar stöðvar slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út seinni partinn í gær vegna elds í bakhúsi á Vesturgötu 25 í Reykjavík. Einn var fluttur á slysadeild vegna hugsanlegrar reykeitrunar en samkvæmt upplýsingum vakthafandi varðstjóra voru allir komnir út er slökkviliðsmenn bar að garði. Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins sem var talsvert mikill um tíma en húsið sem kviknaði í er talið ónýtt.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Kostuðu aldrei uppgefið verð

**NEYTENDUR** Penninn Eymundsson gerir athugasemd við verðkönnun Fréttablaðsins á jólabókum í gær sem sýndi að verslunin var með hæsta verðið á völdum metsölubókum. Blaðamaður sótti verð bókanna hjá Eymundsson á vef verslunarinnar þann 5. desember og gekk svo úr skugga um það í verslunum Eymundsson í Kringlunni að ekki væri tilboðsverð á bókunum, þar sem ekki var upplýst um slíka afslætti á vefnum.

Eymundsson fullyrðir að afsláttarkjör hafi verið á uppgefnu verði og að fullt verð bókanna, sem Fréttablaðið birti, hafi því verið rangt. Enn fremur segir forstjóri Eymundsson að „þessar bækur hafi aldrei kostað það“ sem Fréttablaðið greindi frá. Er þessu komið á framfæri. – **smj**




# Prjónaverksmiðja eldri ofurkvenna í Furugerði

**Konur í Furugerði 1 hafa hist að undanförnu og prjónað um 100 listaverk sem fara öll til Hjálparstarfs kirkjunnar. Upphafskonan fann tvo karla sem kunnu að prjóna en þeir hafa ekki látið sjá sig. Yngsti þátttakandinn er 12 ára.**



**Efri röð f.v.: Þorbjörg, Kristín, Unnur, Lillý, Guðrún, Bryndís og Birna. Neðri röð f.v.: Sigurbjörg, Jóhanna, Guðfinna og Gíslína.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**GARN OG GLEÐI** Guðfinna Kristín Sigfúsdóttir, heimiliskona í Furugerði 1, fékk hugmynd í haust um að fá heimilisfólk til að hittast og prjóna til styrktar góðu málefni.

Guðfinna, sem er kölluð Nína, fékk barnabarn sitt til að auglýsa eftir garni á Facebook og viðtökurnar fóru fram úr björtustu vonum. Nú eru yfir 100 listaverk komin og verða þau afhent Hjálparstarfi kirkjunnar við næsta tækifæri.

„Þetta er dásamlegur hópur. Við erum eins og ein manneskja þegar við komum saman og prjónum. Við hittumst á þriðjudögum og laugardögum, drekkum kaffi og tölum um gamla daga og eitthvað sem er fallegt. Einnig um framtíðina og hvað okkur langar að gera,“ segir Nína.

„Það er alltaf verið að tala um verksmiðjur. Við erum sko verksmiðja,“ bendir ein á og þær taka allar undir.

Sú yngsta sem prjónaði nokkra trefla og sokka er 12 ára og kom á laugardögum en hún er dóttir starfsmanns í húsinu. Sú elsta er 95 ára.

„Hún vildi svo ógurlega vera með en til að byrja með missti hún niður lykkjur og svona. Hún gafst þó ekki upp og undir það síðasta endaði hún með því að prjóna án þess að horfa. Það er fullt af sokkum og peysum sem hún hefur prjónað hérna á borðinu. Þetta var eins og fyrir eitthvert kraftaverk – viljinn var svo mikill,“ segir Nína.

Hún bendir á að það séu karlkyns íbúar í Furugerði sem kunni vel að prjóna en hafi ekki mætt.

> **Það er fullt af sokkum og peysum sem hún hefur prjónað hérna á borðinu. Þetta var eins og fyrir eitthvert kraftaverk – viljinn var svo mikill.**
>
> Guðfinna Kristín Sigfúsdóttir



„Ég hafði uppi á tveimur sem hafa prjónað og kunna það alveg en þeir þorðu ekki – við erum svo margar,“ segir Nína og brosir.

Eftir áramót ætla þær konur að prjóna fyrir fullorðna og fyrir Frú Ragnheiði sem er verkefni Rauða krossins fyrir heimilislausa og sprautufíkla. „Þetta er gott garn, mjúkt og hlýtt sem vonandi kemst á góðan stað,“ segir Nína.

benediktboas@frettabladid.is

# ILVA




## TAX FREE

AF ALLRI SMÁVÖRU*

7. - 10. DESEMBER

RÚMFÖT HANDKLÆÐI & SÁPUR BORÐBÚNAÐUR

MYNDIR & RAMMAR LJÓS GJAFAVARA

SPEGLAR SÆNGUR & KODDAR PÚÐAR & ÁBREIÐUR

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði. Gildir á meðan birgðir endast.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA



## 40%

AF ALLRI JÓLAVÖRU

Í DESEMBER

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró

VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND

INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# Rósa og Andrés styðja ekki veiðigjaldafrumvarp ríkisstjórnarinnar

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ástæða þess að ég styð ekki málið og ætla að sitja hjá við afgreiðslu þess er í fyrsta lagi sú að mér finnst verið að keyra málið í gegn,“ segir Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingkona Vinstri grænna, um veiðigjaldafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

„Ég er ekki viss um að það þurfi að gera þetta í svona miklum flýti,“ heldur Rósa áfram. „Svo finnst mér efni frumvarpsins með þeim hætti að við séum að búa til enn meiri afslátt til útgerðarinnar.“

**Finnst mér efni frumvarpsins með þeim hætti að við séum að búa til enn meiri afslátt til útgerðarinnar.**



Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingkona Vinstri grænna

Rósa Björk og flokksbróðir hennar, Andrés Ingi Jónsson, sátu hjá í atkvæðagreiðslu við aðra umræðu á þriðjudaginn.

Frumvarpið var afgreitt til þriðju umræðu í atvinnuveganefnd í gær.

„Það kom fram ósk frá minnihlutanum um að málið kæmi inn í nefndina milli umræðna og það var orðið við því. Við fengum nokkra gesti á okkar fund og það var farið yfir ýmsa hluti en það leiddi ekki til neinna breytingartillagna af okkar hálfu,“ segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður atvinnuveganefndar.

Rósa telur enn mikil álitaefni uppi í málinu. „Við getum í raun og veru ekki aðskilið veiðigjöldin frá umræðu um fiskveiðistjórnunarkerfið. Þegar við erum að breyta lögum um veiðigjöld þá verðum við að geta staðið frammi fyrir kjarnaspurningunni sem er hver er sanngjarn hlutur þjóðarinnar af rentunni sem skapast af nýtingu auðlindar þjóðarinnar,“ segir Rósa.

Lilja Rafney segist styðja það að gildandi lög verði framlengd og tíminn nýttur til að vinna málið betur.

„Það þarf að gerast í meiri sátt. Mér finnst ekki vera neinn sáttabragur í þeim ræðum sem hafa verið fluttar í þinginu.“ – **sar**



**Frá Nuuk.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## Bara helmingur lýkur náminu

**GRÆNLAND** Aðeins helmingur nemenda sem hefja nám í framhaldsskóla á Grænlandi útskrifast, að sögn grænlenska útvarpsins. Árið 2016 kláruðu 52 prósent framhaldsskólanema námið og hefur sá fjöldi verið nær óbreyttur frá 2012.

Hins vegar hefur aðsóknin í framhaldskóla aukist um 56 prósent frá 2006. Þannig að þótt helmingur ljúki náminu voru þeir sem settu upp stúdentshúfu árið 2016 181 fleiri en árið 2006. – **ibs**

## DNA staðfestir eldislax í veiðiá

**UMHVERFISMÁL** Matís staðfesti í gær með DNA-prófum að tvær hrygnur sem veiddust í Fífustaðadalsá í Arnarfirði séu eldislaxar.

Í frétt Iceland Review um málið í gær segir að þær hafi verið komnir hrygningu. Haft er eftir Jóhannesi Sturlaugssyni líffræðingi að hrygnurnar hafi í raun verið veiddar á „ellefu stundu“. „Önnur hefði hrygnt innan fárra klukkustunda og hin eftir nokkra daga.“ – **dfb**

FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Vilja losna við sexmenningana en grípa ekki til neinna aðgerða

**Af þeim sem tóku afstöðu vilja nánast allir alþingismenn að sexmenningarnir á Klaustri taki pokann sinn. Aðeins einn þingmaður segist telja að þau eigi að segja af sér. Andrúmsloftið á Alþingi er sagt vera þrúgandi. Prófessor í stjórnmálafræði telur þingmennina sex ekki með góðu móti geta gegnt störfum sínum áfram.**



**Lítill stuðningur er í þingheimi við sexmenningana sem hljóðritaðir voru á barnum Klaustri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ALÞINGI** Aðeins einn sitjandi þingmaður telur að þingmennirnir, sem sátu að sumbli á Klaustri bar þann 20. september síðastliðinn og hrakyrtu samstarfsmenn sína og aðra þjóðþekkta einstaklinga, þurfi ekki að segja af sér þingmennsku. Þá telur 31 þingmaður að sexmenningarnir þurfi að segja af sér þingmennsku.

Þetta kemur fram í samtölum Fréttablaðsins við þá þingmenn sem náðist í í gær. Fréttablaðið reyndi í gær að ná í alla þingmennina 57 sem ekki voru að drykkju á Klaustri þetta umrædda kvöld sem hefur svo sannarlega spillt og eitrað andrúmsloftið og vinnufriðinn á þingi. Ekki náðist í sjö þingmenn af þessum 57.

Hins vegar sýnist sem svo að þingmenn séu ekki sammála um hvort þeir eigi að taka til einhverra ráða sjálfir. Talað hefur verið um að þingmenn standi upp og yfirgefi þingsal þegar einhver þeirra sexmenninganna af Klaustri kemur í pontu eða hundsi nefndarfundi sem þau sitja. Margir þingmenn lýstu því þannig að þeir væru ekki tilbúnir til að beita einhverjum eineltistilburðum sem þessum. „Maður svarar ekki ofbeldi með ofbeldi,“ sagði einn þingmaðurinn.

Ljóst er af samtölum við þingmenn að þeim er enn brugðið yfir því sem kom fram í upptökunum á Klaustri. Þingmenn lýstu stöðunni sem nokkuð þrúgandi þar sem andrúmsloftið væri í raun og veru hálf eitrað.

Átján þingmenn vildu ekki svara spurningum Fréttablaðsins um málið þótt margir þeirra væru búnir að gera upp afstöðu sína til málsins. Töldu sumir hverjir rétt að bíða niðurstöðu siðanefndar þingsins í málinu sem hefur í fyrsta sinn verið virkjuð eftir að hún var sett á laggirnar eftir Wintris-hneyksli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.

**Sú víðtæka andstaða sem hefur birst mun gera þessum þingmönnum erfitt fyrir.**

Eiríkur Bergmann prófessor

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, segir stöðu sexmenninganna svo þrönga að þau eigi í erfiðleikum með að vinna vinnu sína á þingi.

„Við höfum séð á þingi og í þjóðfélaginu víðtæka fordæmingu á framferði þessa fólks og sú víðtæka andstaða sem hefur birst mun gera þessum þingmönnum erfitt fyrir með að ná fram sínum málum á þingi. Með öðrum orðum geta þau trauðla komið fram vilja umbjóðenda sinna sem kusu þau. Það er það sem þau standa frammi fyrir, þau eiga örðugt með að standa undir því sem þau voru kosin til.“

Eiríkur bendir enn fremur á að traustið á þinginu hafi hrapað í kjölfar hrunsins árið 2008 en hafi síðan vaxið hægt og rólega. Það sé alveg ljóst að þessi atburður hafi gert það að verkum að traustið hafi minnkað á nýjan leik. **sveinn@frettabladid.is**




VAR ALLT BETRA Í GAMLA DAGA?

Meinfyndin, fróðleg og ríkulega myndskreytt bók um sögu Íslendinga eftir **Sif Sigmarsdóttur** og **Halldór Baldursson** fyrir börn og ungmenni á öllum aldri




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–17



blómaval
heillandi heimur

# SERÍUR OG JÓLALJÓS

# 20-40%

## AFSLÁTTUR



íslensk stafafura
6.990kr.
Eitt verð!

Tak-markað magn

## Íslensk stafafura

150 - 300 cm, beint frá bónda.
Sérræktuð jólatré fyrir Blómaval.

**6.990kr**




-40%

**Galaxy Jóla/heilsársería**
10 m, 20 ljósa samtengjanlegar LED seríur, 4,5 cm, E14 perur, 6 díóðu í hverri peru, hlýtt hvítt, kalt hvítt, rautt og marglitt. Hægt að tengja allt að 20 seríur eða 400 ljós.
14501294 - 14501297

**9.590kr**
~~15.990~~kr




-40%

**Partý Plús Jóla/Heilsársería**
5 m, 10 ljósa, samtengjanlegar LED seríur, 4,5 cm E14 perur, 6 díóður í hverri peru, hlýtt hvítt, , kalt hvítt, rautt og marglitt. Hægt að tengja allt að 40 seríur eða 400 ljós, Hægt að tengja við Partý 50 og 100 ljósa Frost seríur.
14501290 - 14501293

**4.190kr**
~~6.990~~kr



## ÖLL GLUGGA-LJÓS 40% AFSLÁTTUR



## ÖLL LJÓSAHÚS 40% AFSLÁTTUR



-35%

**Jólastjarna**
Stór og flott
10327510

**1.290kr**
~~1.990~~kr



-33%

**Amaryllis**
Í potti
10322368, 11327566

**1.990kr**
~~2.990~~kr

**Fríkirkjan í Reykjavík**

**Dagskrá á aðventu og jólum**

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

**9. des. sun. kl. 14:00**
**Heilunarguðsþjónusta á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands, Fríkirkjunnar og Kærleikssetursins.**

**9. des. sun. kl. 20:00**
**Aðventukvöld, fjölbreytt og glæsilegt tónlistarkvöld.**
Tónlistarmaðurinn **Valgeir Guðjónsson** er aðalræðumaður kvöldsins og tekur lagið fyrir kirkjugesti.
Fjölmiðlamaðurinn og rithöfundurinn **Sigursteinn Másson** kynnir bók sína, Geðveikt með köflum, og les hluta úr henni.
Fram koma: Sönghópurinn við Tjörnina og hljómsveitn Mantra ásamt Gunnari Gunnarssyni sem jafnframt er organisti kirkjunnar og stjórnandi sönghóps, barnakór Fríkirkjunnar undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur.
Sr.Hjörtur Magni leiðir stundina.

**16. des. sun. kl. 14:00**
**Jólatrésskemmtun Fríkirkjunnar í Reykjavík.**
Hefst með jólastund í kirkjunni. Síðan haldið upp í Safnaðarheimili og sungið og dansað í kringum jólatréð með jólasveininum.
Kaffi og meðlæti fyrir alla.

**19. des. mið. kl. 20:00**
**Sálarrannsóknarfélag Íslands fagnar 100 ára afmæli sínu í Fríkirkjunni.**

**24. des. mán. kl. 18:00**
**Aftansöngur á aðfangadagskvöldi.**
**Þóra Einarsdóttir** sópran syngur einsöng.
Sönghópurinn við Tjörnina syngur jólin inn og leiðir safnaðarsöng undir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina.

**24. des. mán. kl. 23:30**
**Miðnætursamvera á jólanótt.**
**Ellen Kristjánsdóttir** ásamt strengjasveit. Sr. Hjörtur Magni talar til viðstaddra.
Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni.
Mætið vel tímanlega til að fá góð sæti!

**25. des. þri. kl. 14:00**
**Hátíðarguðsþjónusta á jóladag. Ljósanna hátíð fagnað með rísandi sól.**
**Egill Ólafsson** söngvari syngur og spjallar um tónlistarval sitt.
Sr. Hjörtur Magni, Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni.

**31. des. sun. kl. 17:00**
**Aftansöngur á gamlársdag.**
**Hljómsveitin Eva** ásamt Sönghópnum við Tjörnina leiða safnaðarsöng ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista. Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina






Þú finnur draumastarfið á
job.is




Anna Björg Kristinsdóttir og sonur hennar, Domenic, bíða eftir því að komast að hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Domenic fær líkast til ekki greiningu fyrr en hann verður orðinn hartnær fimm ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Allt að 19 mánaða bið til að greina einhverfu

**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sinnir ekki lagaskyldu vegna fjársveltis. Á fjórða hundrað barna bíða eftir greiningu. Biðin vel á annað ár á mikilvægum tíma í þroska barna. Forstöðumaður segir um 200 milljónir vanta í reksturinn.**

**SAMFÉLAG** Anna Björg Kristinsdóttir er móðir drengs sem fæddur er í október 2015. Þau hafa fengið að heyra frá sálfræðingum að mjög líklega sé drengurinn einhverfur. Hins vegar bíða þau eftir að komast að hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins til að fá staðfestingu á að um einhverfu er að ræða.

„Við höfum rætt við sálfræðinga sem gefa það út að hann sé einhverfur. Hins vegar bíðum við eftir því að komast inn í greiningu. Núna er líklegt að við komumst að hjá þeim árið 2020. Þá er barnið mitt komið á fimmta aldursár. Það gefur augaleið að það gengur ekki,“ segir Anna Björg.

Tæplega 340 börn eru á biðlista eftir greiningu hjá Greiningarstöðinni. Börn á aldrinum tveggja til sex ára þurfa að bíða í allt að 19 mánuði eftir greiningu og börn á aldrinum frá þeim aldri til átján ára aldurs í allt að 16 mánuði. Soffía Lárusdóttir, forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, segir stofnunina af þeim sökum ekki geta sinnt skyldum sínum.

Greiningarstöðin á að sinna svokallaðri snemmtækri íhlutun þar sem lögð er áhersla á markvissar aðgerðir til að hægt sé að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barna eins snemma á lífsleiðinni og unnt er. Rannsóknir og þróun þekkingar undanfarna áratugi hafa sýnt fram á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar, segir á vef Greiningarstöðvarinnar.

> Svo þarf ég núna að redda sjálf talþjálfun og þroskaþjálfa en það er ekki greitt nema ég taki það úr eigin vasa því hann er ekki með greiningu.
>
> Anna Björg Kristinsdóttir

„Eins og staðan er núna er átján mánaða bið hjá okkur sem kemur engum vel,“ segir Anna Björg.

„Við erum búin að fá staðfestingu á einhverfu. Núna ætti hins vegar að vera komin aðstoð fyrir hann. Sonur minn fer tvisvar til þrisvar í viku á leikskólann eins og staðan er núna. Hann þarf á miklum stuðningi að halda en það er ekki til staðar. Þetta helst einhvern veginn allt í hendur. Svo þarf ég núna að redda sjálf talþjálfun og þroskaþjálfa en það er ekki greitt nema ég taki það úr eigin vasa því hann er ekki með greiningu. Hann fengi meiri aðstoð ef greining kæmi fyrr.“

Eins og staðan er í dag er Greiningar- og ráðgjafarstöð ekki að sinna lagalegum skyldum sínum gagnvart þeim hópi sem er á biðlista, segir Soffía. „Það er mat stofnunarinnar að fjölga þurfi stöðugildum um tíu til tólf á næstu fjórum árum, kostnaður við það er áætlaður um 180 til 200 milljónir króna.“

Ljóst er að þessi bið eftir greiningu getur haft alvarlegar afleiðingar því oft og tíðum er um að ræða afar mikilvægan tíma í þroska barna sem bíða eftir hvers konar greiningum.

Hlutverk stofnunarinnar er meðal annars að annast greiningu og ráðgjöf vegna barna með víðtæka þroskaskerðingu.

Að sama skapi fæst ekki nægilegt fjármagn inn til menntastofnana, leikskóla og grunnskóla með hverju barni á meðan það hefur ekki greiningu frá stöðinni. Því getur þessi bið, nærri tvö ár í sumum tilfellum, hamlað þroska þessara barna.

sveinn@frettabladid.is

# Kristilegt fjarskiptafélag Eiríks í Omega gjaldþrota

**VIÐSKIPTI** Félagið Global Mission Network ehf., sem tengist rekstri kristilegu sjónvarpsstöðvarinnar Omega og er í eigu sjónvarpsstjórans Eiríks Sigurbjörnssonar, hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt tilkynningu í Lögbirtingablaðinu var félagið úrskurðað gjaldþrota 14. nóvember og skiptastjóri skipaður yfir þrotabúið.

Félagið er á skrá yfir fjarskiptafyrirtæki og hefur sömu kennitölu og gefin er fyrir Omega-sjónvarpsstöðina á Já.is.

Samkvæmt ársreikningi frá því í fyrra var starfsemi félagsins rekstur útvarps- og sjónvarpsstöðvar. Félagið skilaði 2,5 milljónum króna í hagnað í fyrra, 5,5 milljónum árið áður og nam eigið fé í fyrra tæpum tólf milljónum. Félagið hafði þá 79 milljónir í tekjur.



Þrátt fyrir að hafa haldið sér réttu megin við núllið síðustu ár jukust skuldi verulega og nær fjórfölduðust í fyrra og fóru í 20,1 milljón. Þá kemur fram að fastráðnir starfsmenn félagsins hafi verið 17 talsins í fyrra auk lausráðinna verktaka. Félagið greiddi 38,5 milljónir í laun.

Á Omega hefur reglulega í gegnum tíðina verið efnt til fjáröflunarátaks þar sem biðlað var til áhorfenda að styrkja þessa kristilegu sjónvarpsstöð sem stofnuð var 1992. Stöðin hefur sent út óslitið síðan en óljóst er hvort og þá hvaða áhrif gjaldþrotið mun hafa. Stöðin er enn í loftinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fullyrða forsvarsmenn stöðvarinnar að reksturinn sé í öðru félagi. Óljóst sé í hverju rekstur Global Mission Network ehf. fólst.

Ekki náðist í Eirík Sigurbjörnsson, sjónvarpsstjóra Omega, vegna málsins í gær. **– smj**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**11. DES** 19:30

## BÍÓTÓNLEIKAR







# SÍÐASTI BÆRINN Í DALNUM

**Bjarni Frímann Bjarnason**
hljómsveitarstjóri

**Jórunn Viðar / Óskar Gíslason**
Síðasti bærinn í dalnum

*Samstarfsverkefni Kvikmyndasafns Íslands og SÍ.*

Þessi fyrsta leikna kvikmynd Óskars Gíslasonar var frumsýnd árið 1950 og naut fádæma vinsælda. Tónlistina samdi Jórunn Viðar og var þetta fyrsta kvikmyndatónlist sem samin var á Íslandi við mynd í fullri lengd. Í tilefni af aldarafmæli Jórunnar, sem fæddist 7. desember 1918, verður myndin sýnd við lifandi hljóðfæraleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Nóturnar að tónlist Jórunnar voru lengi týndar en Þórður Magnússon tónskáld hefur skrifað tónlistina upp eftir myndinni og útbúið til flutnings. Þá hefur Kvikmyndasafn Íslands endurunnið myndina og sett á stafrænt form. **Ekki missa af þessum einstaka viðburði.**

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA

## Bilun þyrils olli þyrluslysinu

**BRETLAND** Tenging stjórntækja þyrlu Vichais Srivaddhanaprabha við þyril á stéli vélarinnar rofnaði. Þetta olli því að þyrlan hrapaði til jarðar fyrir utan King Power-leikvang knattspyrnufélagsins Leicester City á Englandi í lok október. Að þessari niðurstöðu hefur rannsóknarnefnd flugslysa á Bretlandi komist en rannsókn á slysinu er þó ekki lokið.

**Þyrla Vichais Srivaddhanaprabha hrapaði fyrir utan King Power-leikvanginn í október.**

Srivaddhanaprabha, sem var stjórnarformaður Leicester City, fórst í slysinu ásamt starfsmönnum sínum, Nusara Suknamai og Kaveporn Punpare, og flugmönnunum Eric Swaffer og Izabela Roza Lechowicz.

Formaðurinn naut mikillrar hylli í borginni og má segja að þar sé fólk enn í sárum eftir slysið. **– þea**

## Vilja slaka á móttökukröfum

**EVRÓPA** Frakkar og Þjóðverjar leggja til að þau ríki Evrópusambandsins sem neita að taka á móti þeim fjölda flóttamanna sem kveðið er á um í samþykktum fái í staðinn að borga sig út úr samkomulaginu. Með þessu vonast ríkin til þess að ljúka langvarandi deilu við stjórnvöld í Póllandi, Ungverjalandi og Tékklandi.

Reuters greindi frá málinu í gær. Í frétt miðilsins sagði að blaðamenn hefðu fengið að sjá minnisblað sem gengið hefur á milli innanríkisráðherra aðildarríkja. Þá sögðu heimildarmenn að ríki sem ekki vildu taka við flóttamönnum myndu í staðinn þurfa að greiða annaðhvort aukalega í sjóði ESB eða í þróunarverkefni í Afríku. **– þea**

# Fastur á milli steins og sleggju

**Forseti Frakklands ákvað að hækka ekki eldsneytisskatt. Þrátt fyrir það halda mótmæli Gulu vestanna áfram. Umhverfissinnar telja að skattahækkanir sem þessar séu nauðsynlegar til þess að draga úr loftslagsbreytingum.**


Staðan hjá Emmanuel Macron, forseta Frakklands, hlýtur að teljast vægast sagt erfið þessa dagana. NORDICPHOTOS/AFP

**FRAKKLAND** Emmanuel Macron, forseti Frakklands, er ekki hólpinn þrátt fyrir að hafa mætt upprunalegri kröfu mótmælendanna sem kenna sig við gul vesti fyrr í vikunni. Macron hætti við að hækka eldsneytisskatt en andstaða mótmælenda við stjórnarhætti Macrons og óánægja með ríkisstjórnina almennt lifir áfram.

Breska ríkisútvarpið greindi frá því í gær að rúmlega 140 hefðu verið handtekin í gær við mótmæli gegn fyrirhuguðum breytingum á skólakerfinu í Mantes-la-Jolie. Mótmælendum lenti þar saman við lögreglu. Þá komu mótmælendur einnig saman fyrir framan skóla í stórborgum á borð við Marseille og París.

Gulu vestin ætla svo að safnast saman og mótmæla að minnsta kosti í höfuðborginni París á morgun. Undanfarin mótmæli hafa leyst upp í ofbeldi, til að mynda um síðustu helgi þegar hundruð voru handtekin, á annað hundrað slasaðist, brotist var inn í búðir og kveikt í tugum bíla. Forsprakkar Gulu vestanna hafa sagt atvinnuóeirðaseggi á bak við rustaháttinn og að hann endurspegli ekki anda mótmælanna.

Édouard Philippe, forsætisráðherra Frakklands, sagði á fundi öldungadeildar þingsins í gær að viðbúnaðurinn væri mikill fyrir morgundaginn. Til dæmis yrðu 65.000 lögregluþjónar að störfum víðs vegar um landið til að tryggja öryggi. Þá segja franskir miðlar að Philippe eigi eftir að ákveða hvort brynvarðir bílar verði notaðir til þess að opna vegi ef mótmælendur loka þeim. Það hefur ekki verið gert í hálfa öld.

**Þótt Macron hafi samþykkt að hækka ekki eldsneytisskatt stefnir enn í að mótmæli Gulu vestanna haldi áfram.**

Agnes Buzyn heilbrigðisráðherra sagði í viðtali við RTL Radio að stjórnvöld hefðu miklar áhyggjur af því að frekara ofbeldi gæti brotist út. „Sumir virðast ekki vilja leysa málið," sagði Buzyn aukinheldur.

Þessi mótmæli eru steinninn sem vísað er til í fyrirsögninni. Sleggjan eru svo umhverfissinnar. AP-fréttaveitan fjallaði ítarlega um að óeirðirnar í París um síðustu helgi væru skýr birtingarmynd þess hversu erfitt er að berjast gegn loftslagsbreytingum með svokölluðum grænum sköttum, líkt og Macron vildi gera.

„Atburðir undanfarinna daga í París fá mig til að hugsa um hvort þetta sé enn erfiðara verkefni en áður var haldið," hafði AP eftir umhverfishagfræðingnum Lawrence Goulder.

Grænu skattarnir eru ofarlega í huga erindreka um 200 ríkja sem funda í vikunni um loftslagsmál í pólsku borginni Katowice. Þar eru margir á þeirri skoðun að brýn nauðsyn sé að hækka slíka skatta og innleiða fleiri.

Macron er gagnrýndur í umfjöllun AP fyrir að taka ákvarðanir um græna skatta án þess að útskýra mikilvægi þeirra og þýðingu fyrir almenninginn. Þá þykir orðspor hans sem „forseti hinna ríku", sem popúlistar hafa reynt að klína á hann, ekki til þess fallið að fá verkafólk með honum í lið í málinu.
**thorgnyr@frettabladid.is**


Til viðskiptavina ríkisskattstjóra

Vegna starfsmannafundar eru allar starfsstöðvar ríkisskattstjóra lokaðar í dag föstudaginn 7. desember

Viðskiptavinum er bent á að gagnlegar upplýsingar er að finna á **rsk.is**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI




Mótmælendur hafa gert vart við sig í Lundúnum undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

## Enginn frestur fyrir May

**BRETLAND** Þingið mun greiða atkvæði þann 11. desember um samkomulagið sem ríkisstjórn Theresu May forsætisráðherra hefur náð við ESB um útgöngu Breta. Þetta sagði í yfirlýsingu frá embætti forsætisráðherra í gær en The Times hafði greint frá því að ríkisstjórnin hefði beðið þingið um að fresta atkvæðagreiðslunni vegna áhyggja af tapi eins og útlit er fyrir að verði raunin.

May leitar nú logandi ljósi að stuðningi en samkvæmt greiningu Bloomberg þarf hún að snúa um 85 þingmönnum til þess að ná samningnum í gegnum þingið. Í útvarpsviðtali við BBC í gær sagði May að það væru bara þrír möguleikar í stöðunni. „Að yfirgefa Evrópusambandið með þessum samningi, að gera það án nokkurs samnings eða að fara ekki neitt," sagði ráðherrann.

Michel Barnier, sem leiðir samninganefnd ESB, sagði að samningurinn sem liggur fyrir væri sá besti sem Bretum stæði til boða. Þetta er í takt við fyrri yfirlýsingar hans og toppa sambandsins. Philip Hammond, fjármálaráðherra Breta, sagði svo að það væri algjör firra að halda því fram að hægt væri að semja upp á nýtt ef þingið hafnar samningnum.

Framtíðarhorfur eru afar óskýrar fyrir May. Ef samningurinn er felldur á þingi má leiða líkur að því að það marki endalok valdatíðar hennar. Þá hefur forysta DUP, norðurírska smáflokksins sem ver stjórn May vantrausti, lýst því yfir að flokkurinn muni endurskoða samstarfið ef samningurinn verður samþykktur. Hvernig sem á það er litið er May sem sagt í erfiðri stöðu. **– þea**


Tefal
TEFAL SHALLOW
30cm Premium Stainless Steel
Jólaverð
kr. 14.900,-
BRAUN
ST510
Sléttujárn
150S-1
Rakvél
HD380
Hárblásari
GOTT ÚRVAL HÁRSNYRTITÆKJA
FYRIR KARLA OG KONUR
Tefal
Jamie Oliver
POTTAR OG PÖNNUR Í GÓÐU ÚRVALI
AEG
Ný ryksuga fyrir jól
Verð frá 14.900,-
Jól
ORMSSON
AEG
AEG UPPÞVOTTAVÉL
FB41600ZW - HVÍT
vrn. HT911 544 013
Jólaverð
kr. 84.900,-
NIVONA
20%
KAFFIVÉL
NICR530 CAFE ROMANTICA
kr. 63.900,-
65"
70.000 KR
AFSLÁTTUR
QLED TV
2018
SAMSUNG
QLED TV
QE65Q7F
Jólaverð
kr. 349.900,-
Pioneer
BlueTooth heyrnartól
Mj771
kr. 23.500,-
Nintendo
SWITCH
FORTNITE
kr. 66.900,-
SWITCH tölva + FORTNITE leikur
Pioneer
MRX-5
Multi-Room hátalari með BlueTooth og Spotify
Jólaverð
kr. 39.900,-
Verð áður:
59.900,-
Pioneer
HLJÓMTÆKJASTÆÐA - HM26
30W (15W + 15W RMS) (8Ω) / Class D Magnari
/ 2-Way Bass-Reflex Hátalarar / Bass Enhancer
(P.BASS) / CD-Audio, CD-R/-RW (MP3) / USB
Tengi (MP3) / AM/FM Útvarp m. 30 stöðva minni /
Innbyggt Blueooth 4.1 / Bluetooth Auto Connect
kr. 44.900,-
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15
ormsson
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Netverslun
ORMSSON.IS
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# Huawei-stýra var handtekin

**Fjármálastjóri kínverska tæknirisans er í haldi í Vancouver. Ekki liggur fyrir hvers vegna. Ástæðan mögulega meint brot á þvingunum gegn Íran og Norður-Kóreu. Bandaríkin fara fram á framsal hennar.**



Meng Wanzhou er fjármálastjóri Huawei. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**TÆKNI** Stjórnvöld í Kína fara fram á að Kanadamenn leysi Meng Wanzhou, fjármálastjóra Huawei og dóttur stofnandans og forstjórans Ren Zhengfei, úr haldi. Meng var handtekin í Vancouver þann 1. desember en handtakan var ekki gerð opinber að hennar ósk. Þá hefur ekki heldur verið gert opinbert hvers vegna Meng var handtekin. Samkvæmt The New York Times hafa stjórnvöld í Bandaríkjunum þó verið að rannsaka meint brot Huawei á samþykktum viðskiptaþvingunum gegn Íran og Norður-Kóreu.

Þessi meintu viðskipti við Íran eru þó ekki það eina við starf Huawei sem angrar bandarísk stjórnvöld. Undir lok nóvember fór ríkisstjórnin fram á að bandamenn á Vesturlöndum sniðgengju fyrirtækið og notuðu ekki netbúnað þess í 5G-fjarskiptainnviðum sem víða er verið að koma upp. Þá sætir Huawei þvingunum í Bandaríkjunum sjálfum. Þar má hið opinbera ekki nota netbúnað kínverska tæknirisans og verslanir mega ekki selja síma hans.

Huawei er að nafninu til í eigu starfsmanna en ítök kínversku ríkisstjórnarinnar innan fyrirtækisins eru mikil. Því er óttast að vörur Huawei séu notaðar til að njósna um eigendur. Stjórnendur Huawei hafa alla tíð neitað þessum ásökunum en yfirmenn FBI, CIA og annarra bandarískra öryggisstofnana eru langt frá því að vera sannfærðir.

Sjá mátti rauðar tölur á kínverskum markaði vegna tíðindanna í gær. Að því er kom fram á Techcrunch féll CSI300-vísitalan um 2,1 prósent.

Yfirvöld í Kanada staðfestu í gær að Meng hefði verið handtekin og sögðu að Bandaríkjamenn sæktust eftir framsali hennar.

Kínverjar eru, eins og áður segir, langt frá því að vera ánægðir enda er fyrirtækið á meðal þeirra stærstu þar í landi. Upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins sagði í gær að handtakan gæti talist brot á mannréttindum Meng þar sem ekki hefði verið upplýst um ástæðuna. „Við höfum í einlægni beðið Kanada og Bandaríkin um að útskýra málið og leysa hina handteknu tafarlaust úr haldi.“

Óljóst er hvort handtakan komi til með að hafa neikvæð áhrif á viðræður Bandaríkjanna og Kína sem standa nú yfir eftir að forsetarnir Xi Jinping og Donald Trump sammæltust um „vopnahlé“ í tollastríði ríkjanna. **thorgnyr@frettabladid.is**


## Tilkynning til hluthafa í Landsbankanum um kaup bankans á eigin hlutum

Bankaráð Landsbankans hf. hefur ákveðið að nýta heimild til kaupa á eigin hlutum í bankanum sem veitt var á aðalfundi bankans 21. mars 2018.

Landsbankinn býðst til að kaupa hluti sem nemur að hámarki 72,5 milljónum hluta í Landsbankanum. Hluthafar geta nýtt sér boð Landsbankans um endurkaup á endurkaupatímabilinu frá og með 10. desember 2018 til og með 20. desember 2018.

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar býðst Landsbankinn til að kaupa hvern hlut á framangreindu endurkaupatímabili á gengi sem samsvarar hlutfallinu á milli eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum bankans og hlutafjár bankans, samkvæmt síðasta birta uppgjöri áður en endurkaupatímabilið hefst.

Hluthafar Landsbankans áttu síðast kost á að selja hlutabréf sín í bankanum í febrúar 2017 og vill bankinn veita hluthöfum tækifæri á ný til að selja bréfin. Landsbankinn býðst til þess að kaupa hvern hlut á genginu 9,9787 á endurkaupatímabilinu frá og með 10. desember 2018 til og með 20. desember 2018.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar fyrir hluthafa sem vilja nýta sér boð bankans má finna á, www.landsbankinn.is/endurkaup. Þá verða upplýsingar veittar í síma 410 4040.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000



MARKADURINN.IS

NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ

- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
- GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIÐLA
- ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
- HVAÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ





Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

LJÓÐASAFN EFTIR ÓLAF JÓHANN SIGURÐSSON

# ÖNDVEGISSKÁLD!






Bjartur gefur í ár út með stolti Ljóðasafn Ólafs Jóhanns Sigurðssonar (1918-1988) í tilefni af aldarafmæli hans.
Ólafur Jóhann var eitt af höfuðskáldum þjóðarinnar á 20. öld og hlaut fyrstur Íslendinga Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1976.

**Ljóðasafnið er ómissandi öllum þeim er unna sígildum íslenskum skáldskap!**

**ALDARAFMÆLIS ÓLAFS JÓHANNS SIGURÐSSONAR VERÐUR MINNST Í IÐNÓ, SUNNUDAGINN 30. DESEMBER KL. 15.00.**

**TAKIÐ DAGINN FRÁ!**

BJARTUR

BJARTUR-VEROLD.IS




Tilboð gilda út 9. desember

## JÓLARÚLLA ORIGAMI SUSHI

Með kalkúnabringu, Tempura, sætum kartöflum, hvítlaukssteiktu spínati, koníakssveppum og trönuberjasósu

**1.399** kr/pk




Þessar einu sönnu
Robin klementínur 2,3 kg

**749** kr/ks




Franskir sælkeraostar í úrvali

verð frá **599** kr/stk




Utvalda sælkera kex

verð frá **199** kr/stk



Belgískt konfekt frá Hamlet

verð frá **799** kr/pk




Hátíðakaffi Kaffitárs
malað og baunir

**1.249** kr/pk




Jólaglögg kryddblanda
Kryddhússins
uppskriftir í verslunum

**1.099** kr/stk

# Meira svona alla daga




25% afsláttur

ÍSLANDS LAMB

**Lamba Prime**

3.224 kr/kg
Verð áður 4.299 kr/kg

**Lambaveisla frá Kryddhúsinu**

499 kr/stk

30% afsláttur




**Poussin 1/2 kjúklingur**

769 kr/kg
Verð áður 1.099 kr/kg

20% afsláttur




**Úrbeinuð kjúklingalæri**

1.919 kr/kg
Verð áður 2.399 kr/kg

25% afsláttur




**Bláberja helgarsteik**

1.949 kr/kg
Verð áður 2.599 kr/kg

HAGKAUP
Meira svona alla daga

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Pissa í skóinn



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Eru íslensku bankarnir verr reknir en bankar á hinum Norðurlöndunum? Um slíkt er erfitt að fullyrða en hins vegar er óumdeilt að þeir búa við strangari eiginfjárkröfur og umtalsvert meiri skattbyrði en þekkist víðast hvar annars staðar. Þetta veldur því, eins og Swedbank fjallar um í nýrri greiningu á íslenska bankakerfinu, að bankarnir eiga erfiðara um vik að ná sömu arðsemi og sambærilegir bankar á hinum Norðurlöndunum. Sérstakir skattar, þar sem skattur á skuldir fjármálastofnana vegur þyngst, kostar þá samanlagt um 16 milljarða á ári. Talið er að skattheimtan hafi áhrif til fjögurra prósenta lækkunar á arðsemi sem er margfalt meira en í samanburði við nágrannaríki okkar.

Skiptir þetta almenning máli? Fyrir utan þá augljósu staðreynd að það eru að lokum heimili og fyrirtæki sem standa undir sköttunum í formi lakari lánakjara þá rýra hinir sérstöku skattar stórkostlega heildarvirði bankanna – sem nemur vel yfir hundrað milljörðum – sem aftur þýðir að endurheimtur við sölu þeirra verða umtalsvert minni. Ríkið, sem er í þeirri stöðu að vera með meirihluta bankakerfisins í fanginu, er því með öðrum orðum að pissa í skóinn sinn. Ekki er að sjá að þetta fyrirkomulag þjóni hagsmunum skattgreiðenda en í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að „leita leiða til að draga úr“ eignarhaldi ríkisins á fjármálafyrirtækjum. Engar slíkar ákvarðanir verða þó teknar fyrr en eftir að hvítbók um framtíðarskipan fjármálakerfisins liggur fyrir, sem mun birtast á næstu dögum, og þá ætti í kjölfarið að skapast forsendur fyrir því að stjórnvöld hefji þá vegferð að selja Íslandsbanka og Landsbanka.

Fyrstu skrefin í þá veru að minnka áhættu skattgreiðenda af bankarekstri voru stigin fyrr á árinu þegar ríkið seldi 13 prósenta hlut sinn í Arion banka fyrir rúmlega 23 milljarða. Sú ráðstöfun, sem kom til vegna ákvörðunar Kaupþings um að nýta sér kauprétt sinn að hlutnum, reyndist afar farsæl fyrir ríkissjóð. Verðið sem fékkst var umtalsvert hærra en það sem bréf bankans ganga nú kaupum og sölum á á markaði. Við hlutafjárútboð og skráningu Arion banka voru væntingar um að með nýjum og virkum eigendum, sem hefðu yfir að ráða sínum eigin stjórnarmönnum, yrði lögð fram skýrari sýn á hverju þyrfti að breyta og hvað bæta í rekstri bankans. Óhætt er að fullyrða að þær væntingar hafi ekki enn gengið eftir. Arðsemin er döpur, einkum hvað varðar útlán til fyrirtækja, og fjárfestar eru orðnir langþreyttir eftir aðgerðum sem miða að því að minnka rekstrarkostnað og bæta afkomu bankans.

Núverandi fyrirkomulag – óhagkvæmt bankakerfi sem skilar lélegri arðsemi og er að stórum hluta í eigu ríkisins – felur í sér slæma meðferð á fjármunum skattgreiðenda og undirstrikar mikilvægi þess að einhverjir aðrir taki á sig áhættuna af bankarekstri. Það verður mikil áskorun fyrir bankana að skila betri arðsemi, ekki síst meðan opinberar álögur eru margfalt hærri en hjá öðrum evrópskum bönkum, á sama tíma og þeir leita allra leiða til að laga viðskiptamódel sitt að aukinni samkeppni frá nýjum leikendum í fjármálaþjónustu. Það mun taka tíma, minnst fimm til tíu ár, að koma bönkunum úr höndum ríkisins til fjárfesta sem vilja eiga þá til lengri tíma litið og mikilvægt er að vanda til verka og hámarka endurheimtur ríkissjóðs. Tíminn vinnur hins vegar ekki með stjórnvöldum.

**Ríkið, sem er í þeirri stöðu að vera með meirihluta bankakerfisins í fanginu, er því með öðrum orðum að pissa í skóinn sinn.**

**Frímerkja- og póstsögusjóður auglýsir styrki**

Frímerkja- og póstsögusjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki til sjóðsins. Frímerkja- og póstsögusjóður var stofnaður árið 1986 og gilda um hann reglur nr. 453/2001. Umsóknarfrestur er til 9. janúar næstkomandi. Úthlutun styrkja úr sjóðnum fer fram 2019.

Tilgangur sjóðsins er að efla og styrkja störf og rannsóknir á sviði frímerkjafræða, póstsögu og hvers konar kynningar- og fræðslustarfsemi til örvunar á frímerkjasöfnun, svo sem með bóka- og blaðaútgáfu. Eins getur sjóðurinn styrkt sýningar og minjasöfn, sem tengjast frímerkjum og póstsögu. Styrki má veita félagasamtökum, einstaklingum og stofnunum.

Lýsa þarf með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd og kostnað við verkefnið, tímaáætlun þess, auk annarra upplýsinga sem metnar eru nauðsynlegar.

Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum. Þær umsóknir sem ekki uppfylla skilyrði auglýsingar verða ekki teknar til greina.

Umsóknir um styrki skal senda til stjórnar sjóðsins á netfangið **postur@srn.is**.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Kristilegur vangadans**

**Hægrisinnaði lyfjafræðingurinn Viðar Guðjohnsen greip á síðum Morgunblaðsins til varna fyrir hljóðrituðu sorakjaftana af Klaustri. Viðar hvetur fólk til þess að fara að fordæmi Krists og fyrirgefa þingmönnunum. Þarna greinir þó föður og son nokkuð á þar sem faðir Viðars og nafni hallar sér að eldri hluta Biblíunnar þar sem tennur fjúka fyrir tennur. Hann hringdi saltvondur í símatíma Útvarps Sögu í vikunni og lýsti því yfir að hefði hann orðið vitni að munnsöfnuði feitra og lifsstílssjúkra þingmannanna hefði hann tekið hvolpana með þeir eru og slegið utan undir. Væntanlega alveg hægri vinstri.**

**Bankað í ofninn**

**Sérkennilegar tilraunir Miðflokksþingmannanna til þess að biðjast afsökunar á og skýra orð sín og æði hafa kveikt vangaveltur um hvort mikið bank sé í ofnunum hjá þeim. Gildir kannski einu þar sem það er greinilega kaldara á botninum hjá Sigmundi Davíð en toppnum. Hlýtur samt að vera til marks um kaldhæðni örlaganna að í þessari gósentíð stjórnmálafræðinga er Eiríki Bergmann Einarssyni líka kalt. Ofninn í stofunni hjá honum hitnar ekki almennilega og hann sendi út neyðarkall á Facebookhópnum Vinna með litlum fyrirvara eftir að hafa reynt ýmis húsráð. Jafnvel að banka í ofninn.**

**thorarinn@frettabladid.is**

## Mannréttinda- og lýðræðissamfélag fyrir alla



Dóra Björt Guðjónsdóttir
borgarfulltrúi Pírata, forseti borgarstjórnar og formaður mannréttinda- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar

Meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur tekur mannréttindavernd alvarlega og styður við tækifæri allra borgarbúa til lýðræðisþátttöku í samfélaginu. Þetta endurspeglast í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Mannréttindi eru ekki bara fyrir einstaklinga sem lifa lífi sem er öðrum þóknanlegt. Skaðaminnkun snýst um að minnka skaða óháð því að minnka neyslu því að við eigum öll rétt á góðu lífi, öryggi og bestu mögulegu heilsu. Það þarf að hjálpa fólki í vanda, ekki refsa því. Á næsta ári munu framlög borgarinnar til skaðaminnkunarúrræða aukast um hálfan milljarð. Við ætlum meðal annars að fimmfalda fjölda íbúða byggt á hugmyndafræði um húsaskjól án skilyrða eða 'Housing First', koma á laggirnar gistiskýli fyrir unga karlmenn og opna heimili fyrir konur með geð- og fíknivanda. Í fjárhagsætlun verður tryggt fjármagn í nýtt lýðræðisverkefni sem verður ýtt úr vör á nýju ári og að auki verður sett fjármagn í aukna vinnu við lýðræðismál. Allir eiga að geta átt hér gott líf og tekið virkan þátt í samfélaginu.

Að auki verður lögð mikil áhersla á aukna rafræna þjónustu og aðgengi að upplýsingum. Við höfum nýtt tíma okkar í meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur til að dreifa valdi, auka gagnsæi og styrkja tækifæri til aðhalds og þátttöku, bæði fyrir borgarbúa og fyrir fulltrúa minnihlutans. Við höfum nýlega samþykkt að dagskrár funda skuli vera birtar opinberlega og enn fremur að öll gögn skuli einnig birt með dagskránni. Þar að auki höfum við ákveðið að valdefla minnihlutann og auka aðkomu hans að ákvarðanatöku og dagskrárgerð með því að fulltrúar minnihlutans taki sæti í forsætisnefnd sem varaforsetar.

Ég hef hleypt málum minnihlutans ofar á dagskrá en hefð er fyrir. Þannig er þeirra málum komið betur á framfæri við borgarbúa. Á sama tíma, á 70 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, vill Sjálfstæðisflokkurinn leggja niður mannréttindaskrifstofu borgarinnar. Kaldar eru hamingjuóskirnar.

**Í fjárhagsætlun verður tryggt fjármagn í nýtt lýðræðisverkefni.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Meira af miðaldra drengjum

## Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Illt umtal um annað fólk tíðkaðist ekki á mínu æskuheimili. Þar var sú regla lamin inn í okkur systkinin að ef maður hefði ekkert gott um einhvern að segja þá ætti maður einfaldlega að þegja. Sjálfur þykist ég ekki hafa haft styrk til þess að standa algjörlega undir þessari lífsreglu, en hún hefur þó haft þau áhrif að ég skammast mín og líður illa ef ég stend sjálfan mig að því að segja eða hugsa ljóta hluti um fólk. Eins og almennt í uppeldi þá hafði reglan góð áhrif fyrst og fremst vegna þess að pabbi og mamma höfðu þessa reglu ekki einvörðungu uppi í orði heldur fylgdu henni á borði. Það er stundum sagt að fólk eigi að hegða sér samkvæmt því sem það predikar—og það er góð regla, ekki síst í tilviki foreldra minna sem voru prestshjónin í bænum.

Engu að síður voru undantekningar. Þótt foreldrar mínir töluðu aldrei beinlínis illa um fólk þá sögðu þau stundum hluti sem hefðu ekki endilega valdið gleði hjá þeim sem um var rætt. Ætli svæsnasta móðgunin sem ég heyrði föður minn segja um annan mann hafi ekki verið sú staðhæfing að „hann hafi ekki beint fundið upp djúpa diskinn.“

Þessi snyrtilega afgreiðsla er kannski ekki illgjörn en hún var greinilega ekki ætluð til almennrar dreifingar. Það borgar sig vitaskuld að fara varlega með það sem maður segir. Þessu komst Jón Bjarni að í skáldsögunni ódauðlegu eftir Guðrúnu Helgadóttur. „Helldurðu að þú verðir kosinn ... jafnvel þótt þú sért kannski óttalegur auli?“ spurði hann kennara sinn sem var í framboði. Vingjarnlegt brosið rann af vörum kennarans. Óþægileg þögn tók við þangað til hann bætti við til útskýringar: „Mamma segir að þú sért óttalegur auli.“ Engum leið mikið betur með það.

### Miðaldra drengir

Og að sama skapi hefði það ekki verið sérlega þægilegt ef ég hefði borið það upp á einhvern að pabbi minn hafi sagt að sá hafi ekki beinlínis fundið upp djúpa diskinn. Ég man auðvitað ekki um hvern var rætt, en mér finnst ekki ólíklegt að sá hinn sami hafi verið umtalsvert gáfulegri heldur en hinir miðaldra drengir á Klausturbarnum. Í sínu ástandi er ekki bara óhætt að fullyrða að þeir hefðu ekki fundið upp djúpa diskinn; það mætti líka efast um að þeir gætu fundið út úr því hvernig eigi að snúa honum áður en súpunni er ausið.

Rausið, dómgreindarleysið, valdhrokinn, kven- og mannfyrirlitningin sem þeir urðu uppvísir að á fylleríi sínu á Klaustri ætti að taka af allan vafa um hvort þeim er treystandi til þess að setja okkur hinum lög og reglur, fara með hagsmuni almennings eða vera á nokkurn hátt í forsvari fyrir íslensku þjóðina.

### Hrollvekjandi innsýn

Klaustursupptökurnar veita áhugaverða, ómengaða og hrollvekjandi innsýn í það hvernig þessir menn geta, við rangar aðstæður, sýnt á sér allra verstu hliðarnar. En þó er mjög mikilvægt að við gleymum ekki að undir öllum venjulegum kringumstæðum teldist það mjög freklegt og alvarlegt brot á réttindum fólks að taka leynilega upp fylleríistal þess og birta í fjölmiðlum. Það er alveg sama hversu illa fólki kann að vera við Sigmund Davíð, Gunnar Braga og Bergþór—og það er alveg sama hversu ógeðslegur talsmáti þeirra var—það er samt sem áður lögmætt að spyrja hvort það hafi verið réttlætanlegt að taka upp samtal þeirra; og ennfremur hvort rétt hafi verið að birta það opinberlega með þeim hætti sem fjölmiðlar ákváðu að gera.

### Flóknar spurningar

Gerum smá hugsanatilraun. Hvað ef samtal sexmenninganna hefði ekki farið fram í opnu rými á veitingastað heldur inni í lokuðu herbergi, en með því að stilla upptökutæki upp við hurð þá hefði verið hægt að ná því. Hefði það verið í lagi? Hvað ef samtalið hefði átt sér stað á svölum á hótelherbergi á Tenerife og gestirnir á næstu svölum hefðu heyrt það. Hefði þá verið í lagi að taka upp og birta? Hvað ef samtalið hefði farið fram í lágum hljóðum, nánast hvísli, en í staðinn fyrir bjánalegt

**Við vitum þó fyrir víst að það er ekki til góðs fyrir neinn ef réttur okkar til þess að eiga eigin hugsanir og skoðanir í friði er rifinn af okkur.**

fylleríisraus þá hefðu þeir verið að skipuleggja vopnað valdarán í fullri alvöru—hefði þá verið í lagi að taka upp leynilega? Hvað ef maður heyrir tvo þingmenn tala um að sá þriðji sé að halda við hinn fjórða, má taka það upp og birta í fjölmiðlum? En ef þeir segja að sá þriðji sé að halda við hinn fjórða og þess vegna ætli þeir að skipa frænda annars þeirra sem sendiherra—má taka það upp? Hvað ef þingmaður situr blindfullur úti í horni á veitingastað, má smella mynd af honum og birta opinberlega? En ef þetta gerist á meðan þingfundur er í gangi, má það þá? Væri í lagi að taka mynd af hópi lögregluþjóna lemja varnarlausa borgara? Væri í lagi að taka upp á myndband opinbera persónu að atyrðast í pirringi við maka sinn eða börn? En ef þingkona slær til barns síns úti á götu. Má birta það? En ef hún togar harkalega í það? En ef þetta er ekki þingmaður heldur forstjóri stórs fyrirtækis? Eða lítils fyrirtækis? Eða fyrrverandi íþróttastjarna? Er einhvern tímann í lagi að lesa upphátt úr dagbókum fólks? Allt er þetta á risastóru gráu svæði þar sem engin svör eru einföld.

### Fréttir eða hnýsnifýsn

Náunginn sem tók upp samtalið á Klaustri gerði að mínu viti það rétta í stöðunni. Honum blöskraði og taldi sig þar að auki heyra að talið snerist um spillingu og lögbrot. Í stað þess að henda öllu á netið sendi hann upptökurnar til fjölmiðla sem hann hefur væntanlega talið að myndu beita dómgreind sinni til þess að vinsa úr það sem erindi ætti við almenning og gera úr því fréttir, ef tilefni væri til. Hvort fjölmiðlarnir hafi staðið undir því trausti, eða látið smellugræðgi ráða of miklu, má hafa ólíkar skoðanir. Allt er það á risastóru gráu svæði þar sem lögmæti, dómgreind og smekkur koma við sögu. Engin svör eru einföld.

Við vitum þó fyrir víst að það er ekki til góðs fyrir neinn ef réttur okkar til þess að eiga eigin hugsanir og skoðanir í friði er rifinn af okkur. Spyrjið Jan Prochazka og tékknesku andspyrnuhreyfinguna. Spyrjið alla þá sem þurft hafa að alast upp í samfélögum þar sem yfirvöld stunduðu njósnir og söguburð til þess að sundra samstöðu almennings? Tilgangurinn helgar oftast ekki meðalið í þessum efnum og þegar einstaklingar og fjölmiðlar meta hvenær brjóta megi meginregluna um friðhelgi einkalífs þá er ekki lögmætt að líta til þess hvort manni er vel eða illa við fólkið á upptökunum, hvort manni finnst efni upptökunnar smekklegt eða ósmekklegt—og allra síst hvort efnið sé líklegt til þess að vekja upp óseðjandi hnýsnifýsn hjá smelluglöðum lesendum vefmiðla.



FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

# Aldrei jafn spenntur að taka þátt í undirbúningstímabili

**Matthías Vilhjálmsson er óðum að nálgast sinn fyrri styrk eftir að hafa jafnað sig af krossbandssliti. Hann sneri til baka á völlinn í ágúst og telur sig þurfa meiri spiltíma en hann hefur fengið undanfarið.**


Matthías Vilhjálmsson á æfingu með Rosenborg í aðdraganda leiks liðsins gegn Val í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

**FÓTBOLTI** Matthías Vilhjálmsson er að klára sitt fjórða keppnistímabil með norska liðinu Rosenborg, en liðið hefur verið afar sigursælt þau ár sem Matthías hefur leikið með því. Hann hefur orðið norskur meistari öll fjögur árin sem hann hefur leikið með liðinu og þar að auki þrisvar sinnum bikarmeistari. Rosenborg varð tvöfaldur meistari á leiktíðinni sem er að ljúka í Noregi, en Matthías lék einungis sjö deildarleiki með liðinu. Þar áður hefur hann verið í mun stærra hlutverki hjá liðinu, en hann skoraði tvö deildarmörk í 12 leikjum árið 2015, fimm mörk í 29 deildarleikjum árið 2016 og sjö mörk í 18 leikjum í deildinni árið 2017.

„Það var auðvitað öðruvísi tilfinning að landa þessum titlum en þeim fyrri þar sem ég var meiddur fyrri hluta tímabilsins og mikið á varamannabekknum á þeim seinni. Það var samt mjög gaman að tilheyra leikmannahópi sem vann tvöfalt og setti um leið met sem það lið sem vinnur flesta titla á jafn skömmum tíma og raun ber vitni,“ segir Matthías í samtali við Fréttablaðið.

„Um það leyti sem ég er að koma til baka eftir krossbandslitið í ágúst voru þjálfaraskipti hjá liðinu. Sá sem tók við liðinu þekkti ekkert til mín og vissi ekkert um styrkleika mína sem leikmaður. Það var ekki óskastaða að vera ekki í mínu besta líkamlega ástandi að reyna að koma mér inn í lið sem var á sigurbraut. Ég hefði klárlega viljað spila meira og þarf að spila meira en ég gerði eftir að ég varð heill heilsu. Ég er að nálgast mitt fyrra form og mér finnst framfarirnar hjá mér síðasta mánuðinn hafa verið heilmiklar,“ segir hann um stöðu mála hjá sér.

„Nú er ég bara með hugann við það að klára þetta keppnistímabil með sóma og ég held að það séu fáir leikmenn jafn spenntir fyrir undirbúningstímabili og ég. Mig sárvantar að komast í líkamlega krefjandi æfingar sem byggja upp líkamlegt form og styrk í hnénu. Fyrst um sinn var ég aðeins ragur við að beita hnénu af fullum krafti en nú er ég farinn að fara í tæklingar af fullum krafti og iða í skinninu að komast á æfingar og fá að spila meira,“ segir þessi öflugi leikmaður.

„Sá sem stýrir liðinu þessa stundina var ráðinn út leiktíðina og það verður tekin ákvörðun um það í desember hver mun taka við liðinu til framtíðar. Ég mun bíða og sjá hver tekur við liðinu og hvaða hlutverk sá aðili ætlar mér á næstu leiktíð. Mér líður vel hér hjá Rosenborg og minn fyrsti kostur væri að koma mér inn í byrjunarliðið hér. Ef það tekst hins vegar ekki þarf ég að leita annað eftir meiri spiltíma. Það er hins vegar seinni tíma ákvörðun sem langt er í að ég þurfi að taka,“ segir hann. hjorvaro@frettabladid.is

# Vigtun hjá Gunnari og Alex í dag

**UFC** Vigtunin fyrir bardaga Gunnars Nelson og hins brasilíska Alex Oliveira, sem kallaður er Kúrekinn, fer fram í dag í Toronto, fjölmennustu borg Kanada, degi áður en þeir mætast í hringnum á UFC 231 bardagakvöldinu. Vigtunin á sér stað að morgni til í Kanada en á milli klukkan tvö og fjögur að íslenskum tíma. Gunnar og Alex keppa í veltivigt og þurfa því að vera á bilinu 71-77 kíló þegar stigið er á vigtina.



Gunnar hefur eytt undanförnum dögum í Kanada eftir að hafa undirbúið sig að mestu á Íslandi fyrir bardagann. Á milli æfinga hefur hann sinnt fjölmiðlaskyldum, æft og dvalið stuttlega á kanadísku sveitabýli þar sem hann komst á fjórhjól.

Bardagi Gunnars og Alex er einn af aðalbardögum kvöldsins og er jafnframt fyrsti bardagi Gunnars í sautján mánuði. Íslendingurinn er að snúa aftur í hringinn eftir langa fjarveru en síðasti bardagi hans var gegn Santiago Ponzinibbio þar sem sá argentínski vann vafasaman sigur. Úrslit bardagans voru kærð í ljósi þess að Ponzinibbio sást ítrekað pota í augu Gunnars meðan á bardaganum stóð sem er óheimilt í MMA.

Gunnar þurfti að draga sig úr keppni vegna meiðsla á hné fyrir bardagakvöld í Liverpool í maí síðastliðnum og er því eflaust orðinn afar spenntur fyrir tækifærinu annað kvöld. – **kpt**

## Nýjast

### Dominos-deild kvenna

**Keflavík - Haukar 97-88**

**Keflavík:** Brittany Dinkins 34, Bryndís Guðmundsdóttir 17, Embla Kristínardóttir 15, Telma Lind Ásgeirsdóttir 8, Erna Hákonardóttir 7, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 6, Katla Rún Garðarsdóttir 5, Birna Valgerður Benónýsdóttir 5.

**Haukar:** LeLe Hardy 29, Eva Margrét Kristjánsdóttir 20, Þóra Kristín Jónsdóttir 12, Bríet Lilja Sigurðardóttir 8, Sigrún Björg Ólafsdóttir 7, Anna Lóa Óskarsdóttir 6, Rósa Björk Pétursdóttir 3, Magdalena Gísladóttir 3.

**Staðan í deildinni:**

| | |
|---|---|
| 1. Keflavík 18 | 5. Valur 10 |
| 2. KR 16 | 6. Skallagrímur 6 |
| 3. Snæfell 16 | 7. Haukar 6 |
| 4.Stjarnan 10 | 8. Breiðablik 2 |

### Coca Cola bikar karla

**HK - Valur 23-26**

Valur er þar af leiðandi kominn í átta liða úrslit Coca Cola bikarsins í handbolta karla. Keppni í 16 liða úrslitum heldur áfram dagana 12. og 13. desember, en átta liða úrslitin fara fram mánudaginn 8. febrúar.

# Frakkar minntu hressilega á sig

**HANDBOLTI** Frakkland vann öruggan 29-23 sigur þegar liðið mætti Danmörku í fyrsta leiknum í milliriðli 1 í Evrópumótinu sem fram fer í Frakklandi þessa dagana. Franska liðið komst þar af leiðandi upp að hlið Rússlands, en liðin hafa hvort um sig fjögur stig á toppi riðilsins.

Svartfjallaland blandaði sér svo í baráttuna um sæti í undanúrslitum mótsins með 30-28 sigri á móti Svíþjóð. Eftir þennan sigur svartfellska liðsins eru Svartfjallaland, Svíþjóð, Serbía og Danmörk hvert um sig með tvö stig í milliriðli 1.

Noregur sem leikur undir stjórn Þóris Hergeirssonar og á titil að verja hefur leik í milliriðli 2 í dag. Þar mætir norska liðið, sem fór inn í milliriðilinn án stiga, Ungverjalandi sem hefur tvö stig fyrir leikinn.

Noregur þarf að vinna alla sína þrjá leiki og treysta auk þess á það að Rúmenía hafi betur í öllum sínum leikjum til þess að komast í undanúrslit. Spánn, sem er líkt og Noregur án stiga áður en milliriðillinn hefst, leikur svo við Þýskaland í hinum leik dagsins í milliriðli 2. Þýskaland er með tvö stig fyrir þennan leik. – **hó**




OUTLANDER PHEV

Mitsubishi Outlander PHEV er rafdrifinn & svo miklu meira. Tvær öflugar rafvélar og S-AWC-aldrifið skila auknu afli og afköstum sem gera allar aðstæður leikandi léttar. Háþróaðar tæknilausnir færa þér umhverfisvænan akstur með lágmarkseyðslu allt niður í 2.0l/100 km (Skv. WLTP viðurkenndri mælingu).
Kynntu þér vinsælasta bílinn á Íslandi.
Verð frá 4.690.000 KR.

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum *Miðað við fulla hleðslu og fullan tank við bestu aðstæður.

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 7. DESEMBER 2018



# Ekki alveg venjuleg

Brynja Eldon Sigurðardóttir fer ekki troðnar slóðir þegar kemur að jólaskreytingum heimilisins. Hún leggur á borð með Coca-Cola-glösum og skreytir jólatré með Barbídúkkum, fjöðrum og flöskum →2

MYND/ANTON BRINK

*Jólamatur*
*til að taka með*
*Steikarveisla - 2.990 kr. á mann*
*Hangikjötsveisla - 3.490 kr. á mann*
*+ jólaforréttir*

*Pantanir í síma*
*517 3131 eða 696 5900*
SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Sjávarbarinn – Grandagarði 9 – sjavarbarinn.is

SVEFNSÓFAR
*frá Innovation Living Denmark*

FRODE
kr. 179.800

TURI
kr. 149.800
LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS


Brynja á mikið magn af jólaskrauti og aðeins lítill hluti fer upp um hver jól en stór hluti þess er búinn til af Brynju eða mömmu hennar, líkt og þetta fallega Xmas. MYNDIR/ANTON BRINK

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is


Framhald af forsíðu ➺

Hundurinn Rocky tekur á móti blaðamanni og ljósmyndara á heimili Brynju og mannsins hennar Einars Guðmundssonar í Þorlákshöfn. Þrjár litlar kisur bætast í hópinn en Brynja er virk í starfi Villikatta í bænum, og ljóst að á heimilinu ríkir mikil dýraást enda á fjölskyldan að auki tíu hesta. Það er líklega skýringin á fallegri hurðaskreytingunni sem Brynja föndraði úr grenigreinum. „Ég sá þetta á Pinterest og langaði að færa yfir á íslenska hestinn. Ég átti folaldamúl og föndraði þessa skreytingu í kringum hann eina kvöldstund með mömmu.“ Brynja og mamma hennar deila einlægum áhuga á jólaskrauti. „Hún fær þetta allt saman frá mér,“ segir Áslaug Jóna, mamma Brynju sem er í heimsókn líkt og svo oft áður.

Þegar inn er komið tekur á móti okkur dekkað veisluborð með Coca-Cola-þema. „Þetta er sýki sem ég fæ frá mömmu en hún hefur safnað Coca-Cola-munum frá því ég var barn,“ segir Brynja og Áslaug bætir við: „Þetta byrjaði allt á því að stjúpi minn gaf mér stóra glerflösku frá því hann var á sjónum í kringum 1960. Ég á þá flösku enn og kókið er alveg tært.“

„Ég er sko ekki vegan,“ segir Bylgja hlæjandi þegar hún sér að blaðamaður gjóar augum á hauskúpur, skinn og horn sem skreyta bæði veggi, borð og gólf. „Þetta er einhver sýki sem ég hef fengið en þessar kúpur og horn eru héðan og þaðan, bæði frá Íslandi og utan úr heimi.“

Jólatré stendur á heiðursstað í stofunni og er ekki skreytt á hefðbundinn hátt. „Ég er ekki venjuleg og er því ekki með venjulegt jólaskraut,“ segir Brynja glettin en meðal skrauts á trénu má sjá fjaðrir, bleika Barbídúkku, draumafangara, gítara og litlar áfengisflöskur sem Brynja hefur sett hanka á.

Þær mæðgur eru miklar listakonur í sér og eiga sjálfar margt af því jólaskrauti sem finna má á heimilinu. Brynja bæði gerir upp hluti og smíðar töluvert úr brettum meðan Áslaug teiknar og lætur saga út skemmtileg jólatré og nú síðast jólaköttinn. Brynja nýtir einnig hráefni úr nærumhverfi sínu. „Ströndin hér í Þorlákshöfn er mjög falleg og ég geng hana mikið. Svo kippi ég einni og einni spýtu með mér og bý til eitthvað úr henni sem endar svo annaðhvort úti í garði eða hér inni.“

Þeim sem vilja fylgjast með því sem Brynja tekur sér fyrir hendur er bent á Facebook-síðu hennar Brynja Eldon.


Brynja dúkar upp með Coca-Cola þema enda rauði liturinn afar jólalegur.


Fótinn undir jólatréð smíðaði Brynja en stjörnuna smíðaði pabbi hennar.


Jólaskrautið á jólatrénu er afar rokkað og alveg í anda Brynju.


Kindin á heimilinu er komin í jólabúning eins og vera ber.


Jólatrén eru hugarsmíð móður Brynju.


Hauskúpur, horn og skinn eru í uppáhaldi og prýða veggi og gólf.


Jólakötturinn úr smiðju móður Brynju í góðum félagsskap jólasveina.





Brynja festir króka á litlar áfengisflöskur og hengir á jólatréð.


Bleik Barbie fær að vera með og virðist kunna vel við sig í jólasnjó.


Draumafangarar eru víða á heimili Brynju, líka á jólatrénu.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** Torg ehf

**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Uppáhaldsbækur með 30% afslætti

Fullt verð: 6.690 kr




TILBOÐ 4.683 kr

Fullt verð: 6.990 kr




TILBOÐ 4.893 kr

Fullt verð: 6.990 kr




TILBOÐ 4.893 kr

Fullt verð: 6.999 kr




TILBOÐ 4.899 kr

Fullt verð: 6.990 kr




TILBOÐ 4.893 kr

Fullt verð: 6.999 kr




TILBOÐ 4.899 kr

Fullt verð: 7.999 kr




TILBOÐ 5.599 kr

Fullt verð: 6.999 kr




TILBOÐ 4.899 kr

## Eldri borgarar, öryrkjar og háskólanemar fá 15% afslátt af öllu í desember

*gildir ekki með öðrum afslætti

Fullt verð: 6.990 kr




TILBOÐ 4.893 kr

Fullt verð: 6.990 kr




TILBOÐ 4.893 kr



**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

# Ljúfari angan og betra bragð á aðventunni

Jólin koma brátt og er tilheyrandi undirbúningur kominn í fullan gang. Þótt gömlu uppskriftirnar og aðferðirnar hafi löngum dugað vel má alltaf gera betur og hér koma nokkrar tillögur.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



## Bragðbetra konfekt

Þegar til stendur að gera konfekt er ráðlegt að geyma hráefnin í kæliskáp í að minnsta kosti viku áður en konfektgerðin hefst. Ef marsípanið á að vera með mismunandi bragðefnum skal hræra þeim saman við marsipanið nokkrum dögum áður en á að nota það. Auðveldara er að meðhöndla kalt marsípan og núggatið bráðnar síður í lófunum ef það er kalt.

## Alvöru krydd

Eins og í annarri matargerð skiptir hráefnið höfuðmáli við gerð sætinda og því er mikilvægt að þau séu eins fersk og góð og völ er á. Kanill er til dæmis ekki það sama og kanill því gerólíkt bragð er af kanildufti í plastdollu og ferskmöluðum kanil beint af stönginni. Gott mortél er því besti vinur þinn þegar á að baka smákökur með öllum jólakryddunum.

## Hægbakaðar piparkökur

Þegar piparkökur bakast er gott að hafa í huga að bragðið verður bæði dýpra og kökurnar mýkri ef þær eru bakaðar á lágum hita. 140°C er gott hitastig fyrir piparkökur og þetta gildir reyndar um allar smákökur, að þær verða mýkri undir tönn ef hitastigið er lægra. Og svo skiptir auðvitað máli að huga vel að mælieiningum. Spyrjið bara Mikka ref!



Kanill gefur indælis jólabragð, bæði af kaffinu og kökunum, sérstaklega ef hann er malaður beint af stönginni.

» Ein hugmynd er að gefa uppáhaldsdeigið í jólagjöf eða fara með það með sér í aðventuveislu

## Bakað úr frystinum

Ef gert er smákökudeig á annað borð er alveg þess virði að tvö- og jafnvel þrefalda uppskriftina. Þá er hægt að skipta deiginu í tvo og jafnvel þrjá hluta, baka úr einum en vefja hinum inni í bökunarpappír og geyma í frystinum þangað til allt er búið og kökuþráin tekur völdin að nýju. Svo er líka hægt að gefa uppáhaldsdeigið í jólagjöf eða fara með það með sér í aðventuveislu og bjóða upp á nýbakaðar smákökur með kaffinu.



Appelsínusneiðar sem eru þurrkaðar í ofni, kanilstangir og negulblóm eru fallegt skraut, hvort heldur á jólamat, jólatré eða jólapakka.



Piparkökurnar verða mýkri og bragðbetri ef þær eru bakaðar við lægra hitastig.



Ef gera á konfekt er ráð að geyma hráefnin í ísskáp í minnst viku áður en hafist er handa. Það kemur í veg fyrir að þau bráðni þegar þau eru handleikin.

## Jólalegt kanilkaffi

Kaffi með kanil er ekki bara gott og jólalegt á bragðið heldur líka meinhollt enda er kanill bæði góður fyrir blóðrásina og meltinguna auk þess að hafa andoxandi áhrif. Best og einfaldast er að mala saman kaffibaunir og bita úr kanilstöng en einnig má setja kanilduft út í malað kaffi áður en hellt er upp á. Eins og sagði í auglýsingunni forðum daga: Ilmurinn er indæll og bragðið eftir því!

## Ávextir til skrauts

Þurrkaðir ávextir í sneiðum eru einkar fallegt og jólalegt skraut sem einnig má borða ef þannig ber undir og ilmar auk þess unaðslega. Hægbakið þunnar sneiðar af ávöxtum á ofngrind við 80-100°C í 2-3 tíma og snúið þeim tvisvar á þeim tíma. Þegar allt er þurrkað má nota ávextina í ýmsum tilgangi, til dæmis til að skreyta pakka eða eftirrétti eða strengja þá saman á spotta og hengja á jólatréð! Sítrusávextir eru einkar hentugir í þessum tilgangi.



Til að búa til ekta jólakaffi er ljúft að setja kanil eða önnur jólaleg bragðefni saman við kaffið áður en hellt er upp á. Þá kemur bæði indæl jólalykt í húsið og bragðið er unaðslegt.

Jólagjöfin hennar fæst hjá COMMA




comma,
Smáralind

# Þess vegna skaltu hætta að reykja

Ertu enn á íhugunarstiginu að velta fyrir þér hvort ávinningur af því að leggja tóbakið á hilluna vegi þyngra en áskorunin sem þú stendur frammi fyrir með reykbindindi? Lestu þá áfram til að fá yfirlit um gríðarlegan heilsufarslegan ávinning sem þú kemur til með að uppskera frá fyrsta degi.

Líkamsstarfsemin verður strax betri og það þýðir að aldrei er of seint að hætta að reykja. Samkvæmt danska landlæknisembættinu mun sextugur einstaklingur sem hættir að reykja lifa að meðaltali þremur árum lengur en annars. Hætti einstaklingur að reykja þrítugur getur hann séð fram á að lifa tíu árum lengur en ef hann hefði haldið áfram að reykja. Það eru dýrmæt ár með vinum og ættingjum.



Á eins árs reykleysisafmælinu hefur hætta á blóðtappa minnkað um helming og eftir fimm ár er hætta á sumum krabbameinum orðin helmingi minni.

### Betri líkamsstarfsemi strax

Heilsubætandi áhrif koma þegar fram tuttugu mínútum eftir að þú hefur drepið í sígarettunni. Blóðþrýstingur og hjartsláttur verður eðlilegur aftur næstum um leið og þú hefur drepið í síðustu sígarettunni og að 24 klukkustundum liðnum hefur dregið úr hættu á blóðtappa og lungun eru sjálfkrafa byrjuð að hreinsa sig. Því lengur sem þú getur staðist að fá þér sígarettu því betri verður líkamsstarfsemin. Jafnt og þétt koma enn fleiri kostir í ljós sem koma til með að vera enn meiri hvatning til að halda bindindið.

### Betri blóðrás eftir þriggja daga reykbindindi

Súrefnisupptaka líkamans eykst og öndun verður auðveldari, lyktarskyn eykst á ný og að tveimur vikum liðnum verður blóðrásin orðin betri og geta lungnanna til að verjast sýkingum eykst. Þetta ferli heldur áfram næstu mánuði eftir að reykbindindi hefst.

### Þú öðlast meiri ró

Eftir þriggja til tólf mánaða reykleysi kemur þú til með að sofa betur á næturnar, hósta sjaldnar og öndun verður auðveldari. Þú hættir að upplifa göngu í stigum eins og fjallgöngu og kemur til með að hafa meira þol til að leika við börnin í leikjum sem krefjast áreynslu og búast má við að þreyta í fótum komi til með að segja fyrr til sín en mæði þegar þú ferð í hlaupatúr. Konur koma til með að eiga auðveldara með að verða þungaðar.

**» Hætti einstaklingur að reykja þrítugur gæti hann lifað tíu árum lengur en ef hann hefði haldið áfram að reykja. Það eru dýrmæt ár með vinum og ættingjum.**




**Senn kveðjum við gamla árið og heilsum því nýja. Þá gefast tilvalin tímamót til að taka upp góða siði, huga betur að heilsunni og losa sig við tóbakspúkann.**

### Hætta á blóðtappa og sumu krabbameini minnkar

Ef þú getur haldið upp á eins árs reykleysisafmæli getur þú glaðst yfir að hætta á blóðtappa hefur nú minnkað um helming og eftir fimm ár er hætta á sumum tegundum krabbameins orðin helmingi minni. Eftir 10 til 15 ára reykleysi mun hætta á blóðtappa vera orðin jafn mikil og hjá þeim sem hafa aldrei reykt og hættan á krabbameini í loftvegum verður næstum jafn lítil og hjá þeim sem hafa aldrei reykt.

### Að lokum má alls ekki gleyma að nefna umhverfisáhrifin

Þegar þú hættir að reykja stöðvar þú einnig óbeinar reykingar sem þínir nánustu verða fyrir. Jafnvel þótt þú hafir eingöngu reykt á heimilinu þegar þú varst alein/aleinn heima eða í sérherbergi hafa agnir úr reyknum verið til staðar og verið skaðlegar umhverfinu. Bæði fjölskylda og vinir reykingafólks verða að meira eða minna leyti fyrir skaðlegum efnum í reyknum. Eftir því sem þú heldur reykbindið lengur muntu verða vör/var við æ meiri ávinning af því að anda að þér hreinu lofti.

Þessi grein er kostuð af Artasan. Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/Ice-Mint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.




# Alltaf í bað á aðfangadag

**Þegar hillir undir lok 30. afmælisárs Stjórnarinnar er það dísæt rúsína í pylsuendanum að Sigga Beinteins og Grétar Örvarsson syngi saman nýútkomið og eina jólalag sveitarinnar.**



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is


Ég ákvað í sumar að semja jólalag fyrir þessi jól og settist niður við píanóið í lok október. Lagið kom nokkuð fljótt til mín og tók litlum breytingum frá fyrstu hugmynd,“ upplýsir Grétar um allra fyrsta jólalag Stjórnarinnar sem nú heyrist oft í útvarpinu á indælli aðventunni.

Jólalagið, Enn ein jól, slær heillandi klukknahljómi við endalok þrítugasta afmælisárs hljómsveitarinnar.

„Mér fannst tilvalið að koma með jólalag í tilefni 30 ára afmælis Stjórnarinnar og svo er Sigga alltaf með sína árlegu jólatónleika,“ segir Grétar en Sigga er einmitt með sína árlegu og vinsælu jólatónleika í Hörpu í kvöld og á morgun.

„Grétar kom til mín með hugmynd að laginu, mjög hrátt að vísu, en ég heyrði samt að það var eitthvað þarna sem heillaði. Áður en ég vissi af var hann búinn að útsetja lagið ásamt Mána Svavars og Þóri Úlfars og svo spiluðu strákarnir lagið inn og ég söng það fyrir sirka tíu dögum. Útkoman er bara fínasta jólalag; það fyrsta sem Stjórnin sendir frá sér og líka fyrsta jólalagið sem við Grétar syngjum saman,“ segir Sigga sæl og í kátu jólaskapi.

„Textinn er eftir Braga Valdimar og er aðfangadagshugleiðing með draumkenndu ívafi og ósk um að vera í faðmi ástvina yfir jólin,“ útskýrir Grétar um grípandi jólalag Stjórnarinnar sem er að slá í gegn.

En hversu vel þekkja þau Sigga og Grétar hvort annað eftir 30 ára vináttu og farsælt Stjórnarsamstarf? Hér svara þau fáeinum jólaspurningum sem leiða það í ljós.



Eftir 30 ára vináttu og samstarf í einni vinsælustu hljómsveit landsins er forvitnilegt að vita hversu vel Sigga og Grétar þekkjast í raun. MYND/SIGTRYGGUR ARI

**Sigga, hvað gæfir þú Grétari í jólagjöf?**
Tja, þegar stórt er spurt! Ég mundi gefa honum náttföt. Ég held að hann eigi engin.

**Hvað byðir þú honum upp á í jólamat á aðfangadagskvöld?**
Ég gæfi honum möndlugraut með veglegum verðlaunum sem ég mundi að sjálfsögðu vinna.

Í aðalrétt yrði lambahryggur því ég veit að hann elskar svo hrygg í matinn, og í eftirrétt hefði ég ísinn góða sem ég bý alltaf til fyrir jólin og er eftir uppskrift ömmu minnar og nöfnu.

**Hvaða jólalag syngdirðu fyrir hann?**
Ég mundi sleppa honum við Eitt lag enn og syngja í staðinn Enn ein jól, sem er nýjasta lag Grétars. Hann yrði glaður með það.

**Hvaða jólasið kæmirðu Grétari upp á?**
Að muna að baða sig alltaf á aðfangadag.

**Hvaða jólamynd munduð þið horfa á saman?**
Það yrði National Lampoon's Christmas Vacation, engin spurning.

**Hvað mundir þú skrifa í jólakort til Grétars?**
Elsku Grétar. Gleðileg jól til þín og þinna. Takk fyrir samvinnuna og vinskapinn á árinu sem er að líða. Ég hlakka til að hitta þig á nýju ári. Kær kveðja, þín Sigga.

**Hvaða nýársósk áttu honum til handa?**
Að hann megi eiga gæfuríkt, hamingjusamt og yndislegt ár.

**Grétar, hvað gæfir þú Siggu í jólagjöf?**
Nýtt jólalag.

**Hvað byðir þú henni upp á í jólamat á aðfangadagskvöld?**
Í forrétt kæmi ekkert annað til greina en humar frá Hornafirði.

Aðalrétturinn yrði að sjálfsögðu rjúpur með hinni margrómuðu rjúpusósu undirritaðs, ásamt brúnuðum kartöflum og öðru tilheyrandi meðlæti.

Í eftirrétt myndi ég bjóða henni upp á ljúffengan heimagerðan ís með heimagerðri súkkulaðisósu. Það stenst ekki nokkur maður!

Ekki má svo gleyma kaffinu og íslensku konfekti. Þar sem Sigga drekkur ekki kaffi fengi hún Egils malt og appelsín.

**Hvaða jólalag myndir þú syngja fyrir hana?**
Enn ein jól.

**Hvaða jólasið kæmirðu Siggu upp á?**
Að hamfletta rjúpur á Þorláksmessu.

**Hvaða jólamynd munduð þið horfa á saman?**
Die Hard og ekkert væl! Eða kannski Schwarzenegger í örvæntingarfullri leit að jólagjöf í myndinni Jingle All the Way.

**Hvað mundir þú skrifa í jólakort til Siggu?**
Elsku Sigga mín. Óska þér og þinni fjölskyldu gleðilegrar og hamingjuríkrar jólahátíðar. Takk fyrir skemmtilega samvinnu á árinu sem er að líða. Bið fyrir sérstaka jólakveðju til pabba þíns og segðu honum að láta sér líða vel.

**Hvaða nýársósk áttu henni til handa?**
Að komandi ár megi verða henni gæfuríkt og að samvinna okkar haldi áfram að vera jafn góð og á árinu sem er að líða.


## JÓLA-FÓLK

**Alla föstudaga** fram að jólum verður Fólk Fréttablaðsins stútfullt af smákökum, kertaljósum, konfekti, mandarínum, jólamat, jólatísku, jólasögum og jólastemningu heima og að heiman.
**Vertu með í jólaskapi og komdu jólaskilaboðum þínum beint til lesenda.**

**Viltu þú auglýsa í mest lesna blaði landsins?**

**Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins.**
**Sími 550 5077 – serblod@frettabladid.is**



# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

### Bílar til sölu




### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 15 alla daga.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is




Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Einstaklingsíbúð á Langholtsvegi til leigu. Laus strax. S. 888-2171

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Tilkynningar

### Tilkynningar

**WWW.YAAKOVSWELL.NET**
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.




### Skemmtanir



Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Sundahöfn, norðan Vatnagarða

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. nóvember 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. nóvember 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna Sundahafnar. Í breytingunni felst að skilgreina tvo byggingarreiti á lóðinni Sægarðar 9, stækka og breyta sérskilmálum fyrir lóðina Sægarðar A og gera nýjar lóðir fyrir dreifistöð að Sægarði 13 og spennistöð að Sægarði 17. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan er einnig aðgengileg á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 7. desember 2018 til og með 23. janúar 2019** og á vefnum, ***www.reykjavik.is*, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.

**Ábendingum og athugasemdum við tillöguna er skilað skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 23. janúar 2019.**
**Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 7. desember 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

MOSFELLSBÆR

## Tilkynning um afgreiðslu aðalskipulagstillögu

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur á fundi sínum þann 31. október 2018 samþykkt eftirfarandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, sem athugasemd hafði verið gerð við í auglýsingu:

**Stök íbúðarhús í Mosfellsdal, breyting á skipulagsákvæðum**

Í tillögunni felst breyting á skipulagsákvæðum stakra íbúðarhúsa á óbyggðum svæðum (Ó) og landbúnaðarsvæðum (L) sem sett eru fram í kafla 4.2 í greinargerða aðalskipulagsins, þar sem heimilt verður að byggja annað íbúðarhús til viðbótar því sem fyrir er á viðkomandi landareign/lóð. Tillagan var auglýst og lá frami til kynningar frá 4. júní með athugasemdarfresti til 17. júlí 2018. Ein athugasemd barst við tillöguna. Tillagan var samþykkt óbreytt í Bæjarstjórn 31. október 2018. Svar við athugasemd var sent þeim sem athugasemd gerði. Aðalskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun í samþykktarferli.

Þeir sem óska eftir nánari upplýsingum um tillöguna og niðurstöðu bæjarstjórnar er bent á að snúa sér til undirritaðs.

5. desember 2018
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA





# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR





## Clessidra kaffivél

*Gæði í hverjum sopa*

**DEL-ICM17210**
Nýjung frá DeLonghi – Glæsileg Café Clessidra kaffivél sem sýður vatnið upp í kjörhitastig fyrir kaffibruggun. Heldur kaffinu heitu og slekkur á sér sjálfvirkt eftir 40 mín.

JÓLATILBOÐ
**14.995**
FULLT VERÐ 17.995



blendtec

## ÖFLUGUR BLANDARI

3 litir



**BLE-575**
Öflugur Blendtec Classic 575 blandari með FourSide könnu og fjölbreyttu úrvali af stillingum á einföldu stýriborði. Þykkir og sterkir hnífar og auðvelt að þrífa. Fáanlegur í þremur litum.

JÓLATILBOÐ
**39.995**
FULLT VERÐ 49.995

Ariete

## GUFUBURSTI



**ARI-4167**
Losnaðu við að strauja með Gufubursta sem virkar á öll föt. Löng snúra, tilbúinn til notkunar á 45 sek og 2 burstar fylgja.

JÓLATILBOÐ
**4.995**
FULLT VERÐ 6.995

PHILIPS

## SKEGG- OG SNYRTISETT



**PHS-BT750185**
Skeggsnyrtir með hársugu ásamt líkamshárasnyrti. Geymslupoki fylgir.

JÓLATILBOÐ
**11.995**
FULLT VERÐ 14.995

witt

## SOUS VIDE TÆKI



**WIT-EASYSOUSVIDE**
SOUS VIDE vacuumsuðutæki fyrir alla potta. Afar nákvæmt tæki með tímastilli upp í allt að 99 klst.

JÓLATILBOÐ
**14.995**
FULLT VERÐ 19.995

JBL by HARMAN



## SOUNDBAR HEIMABÍÓ

**JBL BAR51**
JBL Soundbar heimabíókerfi með þráðlausum hátölurum sem má taka í sundur og raða saman að vild.

JÓLATILBOÐ
**69.995**
FULLT VERÐ 92.995

JBL by HARMAN

## ÞRÁÐLAUS BLUETOOTH HÁTALARI



**JBL PULSE3**
Þráðlaus Bluetooth hátalari með 360° hljómi og lýsingu sem dansar í takt við tónlistina

JÓLATILBOÐ
**19.995**
FULLT VERÐ 29.895

PHILIPS

## SAMSTÆÐA



**PHS-BTM1560**
Philips Micro Bluetooth samstæða með geislaspilara, útvarpi og vekjara.

JÓLATILBOÐ
**16.995**
FULLT VERÐ 24.995



Fissler

## PARIS POTTASETT

**FIS-00211405000**
Vandað Fissler Paris pottasett, 5 pottar með þéttum glerlokum. Má fara í uppþvottavél og þolir allt að 180°C í ofni (án loks). Passar á allar gerðir helluborða.

JÓLATILBOÐ
**29.995**
FULLT VERÐ 39.995

iRobot

## SKÚRINGA VÉLMENNI



**IRO-390T**
iRobot Braava skúringavélmenni sem þurr- og blautmoppar allar gerðir harðra gólfefna. Hreinsar allt að 93m2 með þurrhreinsun eða 33m2 með blauthreinsun í einni umferð.

JÓLATILBOÐ
**44.995**
FULLT VERÐ 54.995





***Opið alla daga til jóla***

**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • Austurvegi 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## Merkisatburðir

**1431** Hinrik 6. Englandskonungur er krýndur konungur Frakklands í París.

**1881** Minnisvarði um Jón Sigurðsson forseta er afhjúpaður á gröf hans í Hólavallakirkjugarði í Reykjavík að viðstöddu miklu fjölmenni.

**1933** Í fyrsta sinn er útvarpað miðilsfundi í Ríkisútvarpinu. Þar kemur fram Lára miðill og mælir fyrir munn margra framliðinna.

**1936** Í Bjarneyjum á Breiðafirði rignir skyndilega síld og er talið að skýstrókur hafi náð að sjúga upp síldina er hann átti leið yfir sjó.

**1941** Japanar ráðast á Perluhöfn og draga þannig Bandaríkin inn í síðari heimsstyrjöldina.



**1946** Fáni Sameinuðu þjóðanna er tekinn upp.

**1975** Indónesía ræðst á Austur-Tímor.

**1980 Golfklúbburinn Kjölur** er stofnaður í Mosfellsbæ.

**2005** Evrópusambandið fer að nota lén undir þjóðarléninu .eu sem kemur í stað .eu.int.

# Aðgengi fyrir allt árið hlaut umhverfisverðlaun

**Verkefnið Bjarnarfoss í Staðarsveit – aðgengi fyrir alla allt árið, hlaut Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu þetta árið. Var þetta í 24. skipti sem Ferðamálastofa stendur fyrir útnefningu umhverfisverðlauna. Það var Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri sem afhenti verðlaunin. Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, og Margrét Björk Björnsdóttir frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, veittu verðlaununum viðtöku fyrir hönd Snæfellsbæjar.**



**Kristinn, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, og Margrét Björk veittu verðlaununum viðtöku fyrir hönd Snæfellsbæjar og eru hér með Skarphéðni Berg Steinarssyni ferðamálasjóra.**

Verkið var unnið á árunum 2015 til 2016 og er gott dæmi um hvernig heimafólk og sveitarfélag, með liðsinni Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, hafa unnið faglega að uppbyggingu áningarstaðar þar sem allir geta notið fallegrar náttúru. Staðurinn er nú aðgengilegur allt árið, segir meðal annars í rökstuðningi Ferðamálastofu.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, og Margrét Björk Björnsdóttir, veittu verðlaununum viðtöku fyrir hönd Snæfellsbæjar úr höndum Skarphéðins Berg ferðamálastjóra.

Bjarnarfoss er tignarlegur foss sem fellur fram af hamrabrúninni upp af Búðum á Snæfellsnesi. Fossinn, ásamt stuðlabergshömrum beggja vegna og gróskumiklum brekkum neðan þeirra, er á náttúruverndarskrá Vesturlands. Fossinn blasir við vegfarendum sem fara um þjóðveginn á sunnanverðu Snæfellsnesi og því ekki að undra að hann hafi dregið til sín ferðafólk í auknum mæli.

Snæfellsbær sótti um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og fékk 10 milljóna króna styrk til að gera göngustíg, göngubrú, áningarstað, bílastæði og skilti við fossinn. Áður hafði sveitarfélagið fengið tæpa hálfa milljón til hönnunarvinnu. Markmið styrkveitinganna var að vernda viðkvæma náttúru og bæta aðgengi ferðamanna.

Göngustígurinn er lagður þannig að hann liðast eftir landinu. Notaðar voru svokallaðar eco-grindur sem eru lagðar í yfirborð stígsins og þær síðan fylltar með ofaníburði, þannig að auðveldara er að fara um stíginn t.d. á hjólastól eða með barnakerru. Göngubrúin yfir gilið neðan við fossinn er gerð úr viðardrumbum og fellur vel inn í landslagið. Áningarstaðirnir eru síðan teknir út úr stígnum eftir legu landsins en þeir eru lagðir með náttúruhellum. Þar er einnig að finna áningarborð. Gott bílastæði er við upphaf stígsins og gamla brúin við veginn var endurgerð samkvæmt upprunalegum teikningum frá árinu 1949.

Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu hafa verið veitt árlega frá árinu 1995 og er þetta því í 24. sinn sem þau eru afhent. Verðlaunin eru nú í þriðja sinn veitt fyrir verkefni sem hlaut styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á tímabilinu 2014-2016 og voru til fyrirmyndar. Það þýðir að verkefninu sé lokið, reglum framkvæmdasjóðsins fylgt og það hafi verið í samræmi við umhverfisstefnu Ferðamálastofu og áherslur framkvæmdasjóðsins um sjálfbæra þróun, gæði hönnunar og skipulags. **benediktboas@frettabladid.is**

---

✝

**Páll Bjarnason**
prentari,
Digranesvegi 75,

er látinn. Útför fór fram í kyrrþey.

**Sólveig Jónsdóttir**
**Jóna Pálsdóttir** — **Garðar Gíslason**
**Gunnar Steinn Pálsson** — **Lilja Magnúsdóttir**
**Þórunn Ingibjörg Pálsdóttir** — **Hafþór Kristjánsson**

---



✝

Elsku hjartans mamma okkar, amma og tengdamamma,

**Vigdís Hauksdóttir**
Austurkór 102,

varð bráðkvödd að heimili sínu laugardaginn 1. desember. Útförin fer fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Ágúst Hilmarsson** — **Erna Rún Einarsdóttir**
**Þuríður Hilmarsdóttir**
**Arna Hilmarsdóttir** — **Guðni Agnar Kristinsson**
**Vilhjálmur Hilmarsson** — **Axel Hall**
**og ömmubörn.**

---



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, stjúpfaðir og afi,

**Steinar Bendt Jakobsson**
verkfræðingur,
Sóltúni 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 2. desember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 14. desember klukkan 15.

**Sigurlína Helgadóttir**
**Þorsteinn Helgi Steinarsson** — **Guðmunda Smáradóttir**
**Eric Roche**
**Georg Már Sverrisson** — **Esther Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Móðir okkar,

**Elísabet Þorkelsdóttir**

lést 20. nóvember sl.

Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 10. desember kl. 15.00.

**Þorkell Bjarnason** — **Ása K. Oddsdóttir**
**Björgvin Á. Bjarnason** — **Kristjana S. Kjartansdóttir**
**Ólöf H. Bjarnadóttir** — **Stefán Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur hlýhug og samúð við andlát og útför móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Ellenar Lísbetar Pálsson**
Mosateigi 7, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Grenihlíðar á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, fyrir frábæra umönnun.

**Sigríður Sverrisdóttir** — **Brandur Búi Hermannsson**
**Lárus Sverrisson**
**Inga Björg Sverrisdóttir** — **Torfi Ólafur Sverrisson**
**Páll Sverrisson** — **Guðbjörg Ingimundardóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Kristín Jónsdóttir**
Grundarsmára 10,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans 29. nóvember. Útför fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 10. desember klukkan 15.

**Jón Már Halldórsson**
**Elsa Grímsdóttir** — **Þorvaldur H. Gissurarson**
**Friðgeir Grímsson** — **Elva Grímsson**
**Sandra Jónsdóttir** — **Sigurjón M. Kevinsson**
**Halldór Ingi Jónsson**
**barnabörn og aðrir ástvinir.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ína S. Guðmundsdóttir**
(áður til heimilis að Langholtsvegi 91),

lést í Seljahlíð fimmtudaginn 29. nóvember. Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 11. desember klukkan 13.

**Eysteinn Leifsson**
**Leifur Eysteinsson** — **Steinhildur Hildimundardóttir**
**Guðrún Eysteinsdóttir** — **Helgi Kristófersson**
**Auður Eysteinsdóttir** — **Sigurður Pálmason**
**Margrét Eysteinsdóttir** — **Árni Níelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Jensdóttir**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Höfða sunnudaginn 2. desember. Útför fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 11. desember kl. 13.00

**Þór Reynisson** — **Svala Pálsdóttir**
**Auður Freydís Þórsdóttir**
**Alex Freyr Þórsson**
**Dagný Rós Jensdóttir** — **Hörður Traustason**
**Stella Rut Jensdóttir**
**Tryggvi Sjafnar**
**og barnabarnabörn.**

# KAUPTU NÝJAN OPEL
## OG FÁÐU RISAJÓLAGLAÐNING Í KAUPAUKA

Risakaupauki fylgir **öllum nýjum Opel-bílum** út desember

**520.000 kr.**
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 200.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 120.000 kr.

Kynntu þér **Opel Crossland X**
betur á **crossland.opel.is**



EURO NCAP – FOR SAFER CARS
**Opel Crossland X**
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt
EURO NCAP.

### Opel Crossland X
Verð frá 3.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá **2.990.000 kr.**

**650.000 kr.**
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 300.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 150.000 kr.

Kynntu þér **Opel Grandland X**
betur á **grandland.opel.is**



### Opel Grandland X
Verð frá 4.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá **3.990.000 kr.**

5 ára ábyrgð
Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.
Pipar\TBWA \ SÍA

**Komdu við hjá okkur í nýjum sýningarsal Opel að Krókhálsi 9.**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Dregur úr vindi í dag, norðaustan 10-18 síðdegis, en mun hægari sunnan til. Slydda eða snjókoma á köflum fyrir norðan, en lengst af þurrt syðra. Hiti 0 til 5 stig, en víða vægt frost til landsins.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | 2° | -2° |
| ←6 | ←7 | ↖3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -1° | 1° | -4° |
| ↙6 | ←11 | ←3 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -2° | -7° |
| ←4 | ↖2 | ↑2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -8° | -1° | -9° |
| ↗4 | ↓2 | ↗4 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 6 | 1 | 5 | | |
| | | 1 | | 2 | 4 | | | 3 |
| | 6 | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 4 | | | | | |
| 4 | 7 | 2 | | | 5 | | | 9 |
| | 8 | | 9 | 1 | | 6 | 4 | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 8 | 3 | | 7 | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | | 7 | | 6 | | |
| | | | 6 | | | | 3 | 1 |
| | | 6 | | | | 7 | | 8 |
| | | 3 | | 9 | | | | 7 |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | 9 |
| | | | | 5 | 8 | | | 4 |
| | | 2 | | | | 8 | | |
| 8 | | | 5 | 2 | | | | |
| 9 | 1 | | | | 3 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 5 | | | 9 | | 7 | |
| | 8 | 3 | | | 4 | | | 5 |
| | | | | | 8 | 2 | | |
| | | | 2 | 4 | | | | |
| 1 | | | | | | 5 | 9 | |
| | 4 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | | | | 1 | 3 | | |
| | | | 8 | | | | | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 6 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 5 |
| 1 | 7 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 | 8 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 |
| 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 7 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 5 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 5 | 8 | 2 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 5 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 |
| 5 | 4 | 2 | 9 | 8 | 1 | 3 | 6 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. gemlingur
5. maka
6. í röð
8. tæki
10. tveir eins
11. málmur
12. undirstaða
13. étandi
15. truflun
17. flugfar

**LÓÐRÉTT**
1. tær
2. lofttegund
3. gilding
4. uppskrift
7. blekking
9. dugnaður
12. svaml
14. droll
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | 9 | | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. gemsa, 5. ata, 6. fg, 8. gatari, 10. nn, 11. tin, 12. botn, 13. ætur, 15. röskun, 17. flaug.
**LÓÐRÉTT:** 1. gagnsær, 2. etan, 3. mat, 4. afrit, 7. ginning, 9. atorka, 12. busl, 14. töf, 16. uu.

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Atli Freyr Kristjánsson (2.177), Skákfélaginu Hugin, átti leik gegn Jóni L. Árnasyni (2.449), Víkingaklúbbnum, á Íslandsmóti skákfélaga.

**30. ... Dh5!** Ekki eini leikurinn sem vinnur en sá besti. **31. gxf4 Dxh2 0-1.** Skákkennsla Omars Salama í leikskólanum Laufásborg hefur heldur betur slegið í gegn og hefur komist í alþjóðlega fjölmiðla. **www.skak.is:** Skákkennsla í Laufásborg.


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Tónlistin færir fólk saman**

Þó að **Ólafur Arnalds** sé heimsþekktur tónlistarmaður og spili í stærstu tónleikahöllum heims fyllist hann feimni þegar hann spilar á tónleikum á Íslandi.



**Geri það sem hjartað segir mér**

**Þorsteinn Sigurðsson** vann bug á fíknivanda fyrir nokkrum árum og er nú farsæll ljósmyndari.

**Sjálfshátíð í jólabókaflóði**

Skáldið **Fríða Ísberg** smeygir sér inn í hugarheim ungs fólks af innsæi í smásagnasafni sínu, Kláði.





**Stærsta verkefni ferilsins**

„Mér finnst allt sem ég hef gert áður vera undirbúningur fyrir þetta verkefni," segir **Brynhildur Guðjónsdóttir** sem leikstýrir Ríkharði III eftir Shakespeare sem er jólaleikrit Borgarleikhússins.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# nettó

# Jólabókin fæst í Nettó




Riddarar hringavitleysunnar
**2.599 kr.**




Verstu börn í heimi 2
**2.599 kr.**




Víkingur
**3.899 kr.**




Settu saman allan heiminn
**2.639 kr.**




Macramé
**6.599 kr.**




Ævintýri í austurvegi - HM 2018
**3.719 kr.**




Talandinn
**3.054 kr.**




Horfið ekki í ljósið
**4.549 kr.**




Stóra bókin um sous vide
**3.999 kr.**




Nú brosir nóttin
**4.159 kr.**

Tilboðin gilda 7. - 9. desember

# Örlagasaga einstaklings

**Í nýrri bók rekur Davíð Logi Sigurðsson dramatíska atburði sem urðu á Patreksfirði árið 1927 og eftirleikinn.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ærumissir er ný bók eftir Davíð Loga Sigurðsson og á bókarkápunni er undirtitillinn: Jónas frá Hriflu ræðst til atlögu. Þar rekur höfundur atburði sem urðu þegar Einari M. Jónassyni sýslumanni í Barðastrandarsýslu var vikið úr embætti árið 1927 að frumkvæði Jónasar.

„Þetta er frásögn af dramatískum atburðum sem urðu þetta haust á Patreksfirði, en það má segja að afsetning þessa tiltekna sýslumanns hafi markað upphaf mikilla átaka sem Jónas frá Hriflu efndi til við embættismannastéttina í landinu,“ segir Davíð Logi sem fyrir jólin 2016 sendi frá sér bókina Ljósin á Dettifossi.

## Risar í stjórnmálasögunni

„Ég velti því í upphafi fyrir mér hvort ég ætti að vinna úr efniviðnum sögulega skáldsögu,“ segir Davíð Logi aðspurður, „en komst að þeirri niðurstöðu að saga Einars sýslumanns, sem og aðkoma Jónasar frá Hriflu og ýmissa annarra manna sem síðar urðu mjög áhrifamiklir í íslensku samfélagi, stæði fyrir sínu án þess að ég væri eitthvað að reyna að betrumbæta hana. Ég leyfi mér hins vegar á stöku stað að setja mig í huga persónanna, til að skapa andrúmsloft og þegar mér fannst það hjálpa til við að gera frásögnina lifandi,“ segir Davíð Logi.

„Mál Einars sýslumanns var áberandi í blöðum þess tíma en svo má segja að það hafi fallið í gleymskunnar dá. Hið sama er ekki hægt að segja um Jónas frá Hriflu, þann umdeilda mann, eða ungu lögfræðingana sem hann sendi vestur fyrir sína hönd í tengslum við þetta mál. Stefán Jóhann Stefánsson varð síðar formaður Alþýðuflokksins og bæði forsætis- og utanríkisráðherra og Hermann Jónasson, síðar forsætisráðherra, er auðvitað einn af risunum í stjórnmálasögu síðustu aldar. Báðir leika mikilvæg hlutverk í þessari bók.

Hermann Jónasson var gamall glímukóngur. Þegar ég fór að skoða frumheimildir í þessu máli vakti því óneitanlega athygli mína að svo virðist sem komið hafi til handalögmála milli hans og Einars sýslumanns þegar Hermann kom vestur til að beita fógetarétti til að setja Einar af. Það komst aldrei í hámæli á sínum tíma.“

## Hrópandi í eyðimörk

Ærumissir gerist á fyrstu árum stéttastjórnmála á Íslandi. Fram til þessa höfðu öll stjórnmál markast af afstöðu manna til sjálfstæðismálsins. Davíð Logi segir Einar sýslumann birtast sumpartinn sem fulltrúa gamla kerfisins, á meðan dómsmálaráðherrann nýi, Jónas frá Hriflu, hafi viljað gera byltingu. Gera breytingar svo um munaði, á íslensku samfélagi og í stjórnkerfinu. Margt af því sem Jónas hafi beitt sér fyrir sýni að hann var merkilegur stjórnmálamaður. Annað sé til marks um að hann sást ekki alltaf fyrir. „Mig langaði til að gefa nasasjón af þeirri breiðu mynd í þessari bók, um leið og ég segði örlagasögu þessa einstaklings sem varð fyrir járnbrautarlestinni sem Jónas var.“

Spurður hvort verkið hafi kallað á mikla heimildavinnu segir Davíð Logi: „Fyrri hlutinn byggir einkum á tveimur frumheimildum sem ég komst snemma í og sá hluti bókarinnar skrifaði sig nánast sjálfur. Seinni helmingurinn er sundurlausari að því leyti til að heimildirnar eru ekki eins heildstæðar. Einar M. Jónasson naut þegar frá leið ekki mikillar samúðar, fæstir töldu sig geta borið blak af sýslumanni sem neitaði að víkja, þegar ráðherra sagði honum að víkja. En hann eyddi tíu árum í að reyna að endurheimta æruna og varð í þeirri baráttu sinni æ meir eins og hrópandinn í eyðimörkinni.“



„Ég leyfi mér hins vegar á stöku stað að setja mig í huga persónanna,“ segir Davíð Logi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Jónas frá Hriflu.

> **MIG LANGAÐI TIL AÐ GEFA NASASJÓN AF ÞEIRRI BREIÐU MYND Í ÞESSARI BÓK, UM LEIÐ OG ÉG SEGÐI ÖRLAGASÖGU ÞESSA EINSTAKLINGS SEM VARÐ FYRIR JÁRNBRAUTARLESTINNI SEM JÓNAS VAR.**

## Freki karlinn

Spurður hvort sagan af falli Einars sýslumanns minni á einhvern hátt á samtímann segir Davíð Logi: „Góð kona benti mér á það um daginn að sýslumaðurinn í þessu verki, sem neitar að víkja og gerir það á helst til vafasömum forsendum, sé alveg týpa sem sé til staðar enn í dag. Þessi „freki karl“ sem vill fá að eiga sitt og fara sínu fram í friði. Ég læt aðra um að benda á hvaða karlar hegða sér helst þannig í okkar samtíma, rétt eins og ég læt aðra um að finna hliðstæður í pólitík nútímans við stjórnmálamanninn Jónas frá Hriflu sem sannarlega kunni að láta menn finna fyrir sér, þegar svo bar undir.“



Einar sýslumaður með konu sinni Ragnheiði og elstu dóttur Ernu.



# Kyn(legur) usli

**BÆKUR**

**Hans Blær**

★★★☆☆

**Eiríkur Örn Norðdahl**

**Fjöldi síðna:** 335
**Útgefandi:** Mál og menning/Forlagið

Ekki hafa margar bækur verið ritaðar um kynusla eða translíf hér á landi, og fáar eigum við andhetjur. Þó hefur ásinn Loki lengi blasað við sem bókmenntaleg fyrirmynd að hvoru tveggja. Eiríkur Örn Norðdahl (f. 1978) hefur nú ráðist á þann garð með nýjustu skáldsögu sinni, Hans Blær. Samnefnt leikverk, undanfari bókarinnar, var sett á svið fyrr á árinu. Eiríkur Örn á að baki nokkur skáldverk og þýðingar. Meðal viðurkenninga sem hann hefur hlotið eru Íslensku bókmenntaverðlaunin sem hann fékk fyrir skáldsöguna Illsku 2012.

Við fæðingu er barn úrskurðað stúlka og nefnt Ilmur. Með „gálkn" milli fóta (míkrópenis eða makróklítoris) finnur Ilmur sig aldrei sem kynvera, heldur umbreytir sér í Hans Blæ með persónufornafnið hán. Í sögunni fylgjumst við með tilvistarkreppu Hans Blævar, leit að sjálfsmynd og viðurkenningu, og flótta undan afleiðingum eigin gjörða. Hán hefur sett upp meðferðarheimili fyrir fórnarlömb nauðgana en aðferðirnar orka vægast sagt tvímælis. Um leið haslar hán sér völl á samfélagsmiðlum og þrífst þar á ergi og óþola dægurumræðunnar. Hans Blær er „reitt og frjálst nettröll" segir höfundurinn í kynningarviðtali. Þó virðist rýninum þessi persóna alls ekki frjáls heldur rígbundin í viðjar tortímandi sjálfsupphafningar og reiði.

Kynlaus, alkynja, kynskiptingur í siðlausu og kynlegu þjóðfélagi fellur Hans Blær hvergi inn heldur setur allt úr skorðum hvar sem kemur. Hán er Loki Laufeyjarson, vertinn í Kabarett, húsráðandinn í Rocky Horror, og getur brugðið sér í margra kvikinda líki. Hán er „tröll" með ýmsum formerkjum – Gillz og Guðbergur í sömu andrá – statt á vígvelli stríðandi sjónarmiða en er um leið vígvöllurinn sjálfur. Auk annars er Hans Blær táknmynd margs þess versta sem samfélagið býður upp á, manngerð útfærsla á kommentakerfum samfélagsmiðlanna.

Sagan er usli í margvíslegum skilningi. Höfundurinn leggur sig fram um að flækja og brjóta upp vanaviðhorf, siðferðisgildi, lesaðferðir og málnotkun. Liður í þessu, að því er virðist, er sérviskuleg og órökrétt beyging á persónufornafninu „hán" sem gerir notkun þess ruglingslega, ásamt linnulausum þérunum á einni sögupersónunni, eins og til þess að láta lesendur hafa fyrir því að fóta sig í textanum. Þetta gengur svo langt að jafnvel höfundur sjálfur fellur á eigin bragði (s. 21, 97, 259). Stíllinn er gassafenginn og flæðandi, einnig húmorískur á köflum. Orðnotkun oft skemmtilega nýstárleg en stundum svo ýkt og ágeng að það er eins og höfundurinn vilji sjálfur „trolla" lesendur sína. Niðurlag sögunnar kemur á óvart en er þó í samræmi við eðli aðalpersónunnar ef að er gáð.

Um leið og sagan ögrar því viðtekna máir hún út mörk, dregur fram mótsagnarkennda þætti, afhjúpar veikleika, siðleysi og rugl sem eiga sér beinharðar fyrirmyndir eða fordæmi í samtímanum. Að því leyti tekst höfundi vel upp. Samt er eitthvað sem truflar – eitthvað fleira en ágengur stíll og óráðsía með persónufornöfn. Sennilega er það afstaðan til sögupersónanna, einkum aðalpersónunnar, sem takmörkuð umhyggja er borin fyrir. Með efnistökum og orðfæri er nefnilega þjösnast á andhetjunni Hans Blævi og lítt skeytt um klisju- og fordómahættuna sem felst í mannlýsingunni og tengingu hennar við fólk með kynáttunarvanda.

Segja má að heimskan og illskan sem höfundi hafa verið hugleiknar í fyrri bókum taki hér of mikið rými. Gamanið er grátt og gæskan víðsfjarri. **Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir**




**NIÐURSTAÐA:** Sagan er usli – gráglettinn og gassafenginn. Áreitandi samfélagsádrepa.





Hörkuspennandi bók eftir Hildi Knútsdóttur um menntaskólanema og óleystar ráðgátur

Dularfull og spennandi saga eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur um ungt fólk í háska á hálendi Íslands

„... gerir lesandanum erfitt fyrir að leggja bókina frá sér."
MARÍA BJARKADÓTTIR / BOKMENNTABORGIN.IS

★★★½

„... skemmtileg aflestrar, spennandi og vel skrifuð ..."
BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Helgar 11–17 | **www.forlagid.is**





GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Borgareikhúsið 568 8000 • borgarleikhus.is



### Elly — Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 07.12 Kl. 20:00 U | Fim 13.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 16.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 30.12 Kl. 20:00 U |
| Sun 09.12 Kl. 20:00 Ö | Lau 15.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 30.12 kl. 15:00 U | |



### Allt sem er frábært — Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 08.12 Kl. 20:00 U | Fös 14.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 30.12 Kl. 20:00 Ö |



### Kvenfólk — Nýja sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 07.12 Kl. 20:00 U | Sun 16.12 Kl. 20:00 U | Lau 29.12 Kl. 20:00 U | Sun 06.01 Kl. 20:00 Ö |
| Lau 08.12 Kl. 20:00 U | Fim 20.12 Kl. 20:00 U | Sun 30.12 Kl. 20:00 Ö | Fös 11.01 Kl. 20:00 U |
| Fim 13.12 Kl. 20:00 U | Fös 21.12 Kl. 20:00 Ö | Fös 04.01 Kl. 20:00 Ö | Lau 12.01 Kl. 20:00 U |
| Fös 14.12 Kl. 20:00 U | Fös 28.12 Kl. 20:00 U | Lau 05.01 Kl. 20:00 Ö | |



### Tvískinnungur — Litla sviðið

| |
|---|
| Sun 16.12 Kl. 20:00 ÖL |



### Jólaflækja — Litla sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 08.12 Kl. 13:00 U | Sun 09.12 Kl. 13:00 U | Sun 16.12 Kl. 13:00 U | Lau 22.12 kl. 15:00 Ö |
| Lau 08.12 kl. 15:00 Ö | Lau 15.12 Kl. 13:00 U | Lau 22.12 Kl. 13:00 Ö | |



### Ríkharður III — Stóra sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 29.12 Kl. 20:00 U | Sun 06. 01 Kl. 20:00 Ö | Fös 11.01 Kl. 20:00 Ö |
| Fim 03.01 Kl. 20:00 Ö | Fim 10.01 Kl. 20:00 Ö | Mið 16.01 Kl. 20:00 Ö |



### Rocky Horror — Stóra sviðið

| | |
|---|---|
| Lau 08.12 Kl. 20:00 Ö | Fös 14.12 Kl. 20:00 UL |



### Fólk, staðir og hlutir — Litla sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mið 13.02 Kl. 20:00 U | Lau 16.02 Kl. 20:00 U | Lau 23.02 Kl. 20:00 U | Fim 28.02 Kl. 20:00 U |
| Fim 14.02 Kl. 20:00 U | Mið 20.02 Kl. 20:00 U | Sun 24.02 Kl. 20:00 U | Fös 01.03 Kl. 20:00 Ö |
| Fös 15.02 Kl. 20:00 U | Fös 22.02 Kl. 20:00 U | Mið 27.02 Kl. 20:00 Ö | Lau 02.03 Kl. 20:00 Ö |

## Þjóðleikhúsið 551 1200 • leikhusid.is



### Ronja Ræningjadóttir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sun 09.12 kl. 14:00 U | Sun.13 01 kl. 13:00 U | Sun. 27.01 kl. 16:00 U | Sun. 24.02 kl. 16:00 Ö |
| Sun 09.12 kl. 17:00 U | Sun 13.01 kl. 16:00 U | Sun. 03.02 kl. 13:00 U | Sun. 03.03 kl. 13:00 Ö |
| Lau 29.12 kl. 13:00 U | Lau 19.01 kl. 13:00 Ö | Sun. 03.02 kl. 16:00 U | Sun 03.03 kl. 16:00 Ö |
| Lau. 29.12 kl. 16:00 U | Lau 19.01 kl. 16:00 Ö | Sun. 10.02 kl. 13:00 U | Sun 10.03 kl. 13:00 Ö |
| Sun. 30.12 kl. 13:00 U | Sun. 20.01 kl. 13:00 U | Sun.10.02 kl. 16:00 U | Sun 10.03 kl. 16:00 Ö |
| Sun. 30.12 kl. 16:00 U | Sun. 20.01 kl. 16:00 U | Sun. 17.02 kl. 13:00 U | Sun 17.03 kl. 13:00 Au |
| Sun.06.01 kl. 13:00 U | Lau 26.01 kl. 13:00 Au | Sun. 17.02 kl. 16:00 Ö | Sun 17.03 kl. 16:00 Ö |
| Sun. 06.01 kl. 16:00 U | Sun. 27.01 kl. 13:00 U | Sun 24.02 kl. 13:00 Ö | Sun 31.03 kl. 16:00 |



### Einræðisherrann — Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fim 20.12 kl. 19:30 F | Fös. 28.12 kl. 19:30 U | Fim 17.01 kl. 19:30 U | Lau. 02.02. kl. 19:30 |
| Fös. 21. 12 kl. 19:30 F | Lau. 05.01 kl. 19:30 U | Fös. 18.01 kl. 19:30 U | |
| Mið. 26.12 kl. 19:30 U | Fös. 11.01 kl. 19:30 U | Fim. 24.01 kl. 19:30 | |
| Fim. 27.12 kl. 19:30 U | Lau. 12.01 kl. 19:31 U | Fös. 25.01 kl. 19:30 | |



### Samþykki — Stóra sviðið

| |
|---|
| Fös 07.12 kl. 19:30 L |



### Fly Me To The Moon — Kassinn

| | |
|---|---|
| Fös 07.12 kl. 19:30 Ö | Lau 19.01 Kl. 19:30 |



### Þitt eigið leikrit — Kúlan

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 25.01 kl. 18:00 U | Fös 08.02 kl. 18:00 Au | Lau 16.02 kl. 15:00 U | Lau 02.03 kl. 15:00 U |
| Fim 31.01 kl. 18:00 U | Lau 09.02 kl. 15:00 U | Fim 21.02. kl. 18:00 | Fös 08.03 kl. 18:00 |
| Lau 02.02 kl. 15:00 U | Fim 14.02 kl. 18:00 U | Lau 23.02 kl. 15:00 U | Lau 09.03 kl. 15:00 |
| Fim 07.02 kl. 18:00 U | Fös 15.02 kl. 18:00 U | Fös 01.03 kl. 18:00 U | |



### Leitin að jólunum — Leikhúsloftið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 08.12 kl. 11:00 U | Fös 14.12 kl. 17:30 U | Sun 16.12 kl. 11:00 U | Lau 22.12 kl. 14:30 U |
| Lau 08.12 kl. 13:00 U | Fös 14.12 kl. 19:00 U | Sun 16.12 kl. 13:00 U | Sun 23.12 kl. 13:00 U |
| Lau 08.12 kl. 14:00 U | Lau 15.12 kl. 11:00 U | Sun 16.12 kl. 14:00 U | Sun23.12 kl. 14:30 U |
| Sun 09.12 kl. 11:00 U | Lau 15.12 kl. 13:00 U | Lau 22. 12 kl. 11:00 U | |
| Sun 09.12 kl. 12:30 U | Lau 15.12 kl. 14:30 U | Lau 22.12 kl. 13:00 U | |



### Insomnia — Kassinn

| | | |
|---|---|---|
| Lau 12.01 kl. 19:30 | Fim 17.01 kl. 19:30 | Fös 18.01 kl. 19:30 |



### Improv — Leikhúskjallarinn

| |
|---|
| Mið 12.12 kl. 20:00 |




# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. DESEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Kvöldlokkur á jólaföstu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Hinir árlegu tónleikar Blásarakvintetts Reykjavíkur og félaga undir heitinu „Kvöldlokkur á jólaföstu“ verða haldnir föstudaginn 7. desember í Fríkirkjunni í Reykjavík kl. 20.00. Þetta er í 38. sinn sem blásararnir lífga upp á aðventustemningu höfuðstaðarins með sínum hljómfögru serenöðum eða kvöldlokkum eins og Guðmundur Finnbogason landsbókavörður nefndi svo. Ætíð er ein af blásaraserenöðum Mozarts á efnisskránni og nú er aftur komið að þeirri stærstu og tignarlegustu fyrir 13 blásara og kontrabassa. Hún gnæfir yfir allar serenöður þess tíma og Mozart gaf henni heitð Gran Partita. Margir hlustendur þekkja einkum hæga þáttinn úr verkinu en hann var notaður á ógleymanlegan hátt í kvikmyndinni Amadeus.

**Hvað?** Jólaboð á aðventu
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Vídalínskirkja, Garðabæ
Á árlegum aðventutónleikum þýska sendiráðsins í Vídalínskirkju í Garðabæ flytja söngvararnir Lilja Guðmundsdóttir og Bjarni Thor Kristinsson þýska og íslenska aðventu- og jólatónlist. Með þeim leika Helga Bryndís Magnúsdóttir á píanó og orgel og Matthías Birgir Nardeau á óbó. Efnisskráin er bæði hátíðleg og skemmtileg, þar sem þýsk og íslensk tónlist tengd jólum og aðventu verður flutt.

**Hvað?** Herra Hnetusmjör – Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Herra Hnetusmjör fagnar útgáfu á nýjustu plötunni sinni Hetjan úr hverfinu með tónleikum á Húrra þar sem hann mun flytja plötuna í heild, í bland við eldra efni. Platan hefur farið sigurför um landið en hún inniheldur meðal annars smellina Nýr ís, Keyra, og Upp til hópa.

**Hvað?** The Vintage Caravan á Hard Rock
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hard Rock Cafe, Lækjargötu
The Vintage Caravan ætlar að taka sína seinustu tónleika ársins á Hard Rock í kvöld, 7. desember. Strákarnir verða komnir úr 6 vikna tónleikaferðalagi og er óhætt að segja að þeir verða í hörku formi.

**Hvað?** Nærvera b2b Oculus á Húrra
**Hvenær?** 23.30
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Nærvera og Oculus, munu halda stuðinu uppi á Húrra í kvöld, 7. desember. Báðir eru þeir hoknir af reynslu í danstónlistarsenu bæjarins og því er við hollu og laggóðu danssetti búast. Reimið á ykkur dansskóna!


Herra Hnetusmjör heldur útgáfutónleika á Húrra í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Geir Ólafsson Las Vegas Christmas Show
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Gamla bíó
Þessir einstöku tónleikar eru nú orðnir fastur liður á aðventu landsmanna og hafa fengið feikna góða dóma fyrir frábæran flutning, skemmtanagildi og fagmennsku í alla staði. Geir sjálfur er frábær söngvari og skemmtikraftur. Að hafa svo að baki sér sjálfan Don Randy og stórsveit hans er eitt og sér stórviðburður í íslensku tónlistarlífi og gefur þessum tónleikum algjöra sérstöðu. Þar að auki hefur hann með sér fjöldann allan af hæfileikafólki þar sem hann gefur ungu kynslóðinni ekki síður pláss en þeirri eldri.

**Hvað?** DJ Arnór – Jólaglögg og Spil
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Session craft bar, Bankastræti
Í kvöld, föstudag, mætir DJ Arnór með góða jólaskapið og spilar nýjustu slagarana í bland við eldra efni og passlegan skammt af jólalögum. Plötusnúðurinn þyrsti býður upp á mandarínur og piparkökur á meðan þær eru til og að sjálfsögðu er allt flæðandi af jólabjór og öðrum bjór á barnum.

### Viðburðir

**Hvað?** Coney Iceland
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Frón, Selfossi
Coney Iceland er íslensk-amerískur óhuggulegheitasirkus sem einbeitir sér að undrum mannslíkamans og sirkusbrögðum sem flokkast sem „side show“. Hliðarsirkussýningar gamla tímans ferðuðust með stóru farandsirkusunum og þar var boðið upp á dagskrá sem ekki var við hæfi barna, enda voru sársauki, hold, blóð, sviti, tár og ógeðslegar sirkuslistir meginuppistaða dagskrárinnar. Um þessar mundir leggur hluti hópsins af stað í lítið ferðalag um Bandaríkin og í byrjun desember heldur sýningarferðalagið áfram á Íslandi. Sérstakur gestur í þetta sinn er Håvve Fjell, sem er skólastjóri norska fakírskólans Pain Solution en hann er meðal annars mennskur nálapúði!

**Hvað?** Íbbagoggur | Loðinn á tánum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Íbbagoggur heldur upp á útgáfu bókarinnar Loðinn á tánum og opnar myndlistarsýningu í Mengi föstudaginn 7. desember.

**Hvað?** Tangó praktika og milonga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kramhúsið, Skólavörðustíg
Argentínskur tangó dunar í Kramhúsinu, gestgjafi er Svanhildur Óskarsdóttir og DJ er Svana Vals. Byrjum á praktiku til kl. 21 allir eru velkomnir og ekki þarf að mæta með dansfélaga. Í kjölfarið er milongan. Tökum vel á móti nýju fólki. Aðgangseyrir er 1.000 kr. Frítt er inn á praktiku og einnig fyrir 30 ára og yngri.

**Hvað?** Die Hard – Jólapartísýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Einhver albesta jólamynd allra tíma en um er að ræða fyrstu kvikmyndina um lögreglumanninn John McClane sem tekst alltaf að vera á röngum stað á röngum tíma en bjargar auðvitað málunum. Hans Gruber og hryðjuverkagengi hans eiga ekki séns í Nakatomi-turninum þessi jól frekar en nokkur önnur.

### Sýningar

**Hvað?** Eyðibýli
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Grandagarður 14
Þriðja árs nemar í arkitektúr við Listaháskóla Íslands hafa unnið að rannsókn á eyðibýlum í Borgarbyggð og efna til sýningar. Rannsókn arkitektúrnemanna er hluti af útskriftarverkefni þeirra og var unnin út frá rannsóknarverkefni Áhugamannafélags um eyðibýli, sem gaf út ritröðina Eyðibýli á Íslandi í kjölfarið. Sýningin er opin öllum og stendur yfir frá klukkan 14 til 16.




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 — NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Roma (SPANISH W/ENG SUB) | 17:20 | Suspiria (ICE SUB) | 19:30 |
| Svona fólk (ICELANDIC - NO SUB) | 17:30 | Erfingjarnir//The Heiresses (ICE SUB) | 22:20 |
| Serce nie sluga (POLISH W/ENG SUB) | 17:50 | Anna and the Apocalypse (ICE SUB) | 22:50 |
| JÓLAPARTÍSÝNING! | | Hinn seki // Den skyldige (ICE SUB) | 22:50 |
| Die Hard (ICE SUB) !AUKA MIÐAR! | 20:00 | | |



nettó

# Bókajólin byrja í Nettó




**Landnámssögur við þjóðveginn**
**2.789 kr.**




**Þetta var bróðir minn ...**
**2.169 kr.**




**Saga tveggja borga**
**3.719 kr.**




**Ropandi Rúna**
**1.239 kr.**




**Bold fjölskyldan**
**2.479 kr.**




**Hvísl hrafnanna 2**
**3.099 kr.**




**Hyldýpið**
**2.479 kr.**




**Ætiðarþjófurinn**
**2.479 kr.**




**Alein**
**3.409 kr.**




**Jón Gunnarsson - Ævisaga**
**4.959 kr.**

**Tilboðin gilda 7. - 9. desember**

RÁS 2

AÐVENTUGLEÐI



Rás 2 býður landsmönnum til aðventugleði í allan dag.

Þétt jóladagskrá, þar sem fjöldi landsþekktra tónlistarmanna kemur og tekur lagið í beinni útsendingu.

